

Fermingar Feykir

14
TBL

9. apríl 2025
45. árgangur · Stofnað 1981

Frétta- og dægurmálað
á Norðurlandi vestra



LEIÐARI

Rauð fermingarföt, vá!

Ferming örverpis stendur til og nú skal bjóða öllum til veislu, og þegar ég segi öllum þá meina ég öllum. Veislan skal haldin heima eins og veislur eldri barnanna, þrátt fyrir að vera flutt í minna hús út í sveit síðan eldri börnin tvö voru fermd.

Í sveitinni var alltaf fermt á Hvítasunnunni og árið 2000 hafði hún svei mér þá aldrei verið svona seint, 11. júní. Vá, það verður búið að ferma alla heimsbyggðina áður en sveitakrakkarnir verða loksins fermd um miðjan júní. Það passar flott, sauðburður verður búinn, veðrið verður örugglega orðið frábært, svo hægt verður að opna út á pall og út í garð því von er á töluvert fleira fólki en kemst inn í húsið. Eina vandamálið er, það á eftir að smíða pallinn og þökuleggja lóðina og alls ekki hægt að treysta því að veðrið verði gott. Þetta hlítur að reddast. Sem það og gerði, pallurinn var smíðaður og þökurnar lagðar, margrétta matar og kaffiveisla fyrir enginn veit hve marga og veðrið var frábært, örugglega ekki verið svona gott á þessum árstíma fyrr eða síðar.

Ég var fermd í Víðimýrarkirkju með afar sérstaka greiðslu í hárinu (sem ég valdi alveg sjálf) skil ennþá ekki hvað var yfir mér. Vildi hafa skipt í miðju, uppsett hár, en alls ekki of hátt, ég vildi alls ekki sjá í greiðsluna, lokkar og skraut en samt ekki of mikið. Í buxum vildi ég fermast (systir mín er ennþá reið yfir að hafa þurft að vera í pils, hún vildi líka vera í buxum), henni fannst rökrétt að ég yrði líka pín í pils-örverpi láta ekki segja sér í hverju þau eiga að vera og ekki vera það hefði hún mátt vita.

Verandi aldamótafermingarbarn þá fékk ég eins og aðrir græjur í fermingargjöf, reyndar ekki þessar svörtu klassísku heldur agalega smart Pioneer græjur sem fylgdu mér örugglega í 15 ár eftir fermingu. Heitasta fermingargjöfin var lampi, ég held ég hafi fengið sjö. Allskonar skartgripir og að sjálfsgöðu peningur, fékk alveg svakalega mikinn pening, (ef miðað er við það sem börn fá í dag mætti halda að ég hafi verið fermd fyrir mintbreytingu en það er önnur saga).

Það sem kom mér kannski hvað mest á óvart var síminn sem Siddi förðurbróðir minn gaf mér. NOKIA 5110 hann fékk leyfi frá foreldrum mínum til að gefa mér síma, þegar ég hugsa tilbaka þá var það ennþá svo fjarri mér að eignast síma að ég vissi ekki ennþá að mig langaði í hann, en vá hvað ég var glöð með hann, þvílík gjöf. Kaupa inneign, spila snake og senda sms, því ekki týmdi maður að hringja það kláraði inneigina alltof hratt.

Ef mamma væri spurð hvað væri eftirminnilegast frá fermingunni minni myndi hún mögulega segja; martröðin að finna skó sem þú gast hugsað þér að vera í. Fundum við skó? Já, heldur betur. Voru þeir flottir? Nei, alls ekki. Ert þú oft í rauðum fötum? Nei, alls ekki.

Gunnhildur Gísladóttir, blaðamaður

Feykir

Útgefandi: Nýprent ehf., Hesteyri 2, 550 Sauðárkróki

Ritsgjafi & ábyrgðarmaður:

Óli Arnar Brynjarsson,

oli@feykir.is ☎ 771 7513

Blaðmenn:

Gunnhildur Gísladóttir gunnhildur@feykir.is

Sigríður Garðarsdóttir, siggag@nyprint.is

Klara Björk Stefánsdóttir, klara@nyprint.is

Forsíðumynd:

Þingeyrakirkja | Róbert Daniel Jónsson.

Prófarkalestur, umbrot og prentun:

Nýprent ehf.

Auglýsingastjóri:

Sigríður Garðarsdóttir, siggag@nyprint.is

Áskriftarverð: 825 kr. hvert tölublað m/vsk.

Lausasiluverð: 995 kr. m/vsk.

Áskrift af fjórum blöðum: 3.295 kr. m/vsk

Áskrift og dreifing:

Nýprent ehf. Sími 455 7171.



5690661666445

Óháð fréttablað á Norðurlandi vestra - alltaf á miðvilkudögum

Húnapping vestra

Rabarbarafreyðivín
þróað á Hvammstanga

Bændablaðið segir frá því að á Hvammstanga er verið að þróa framleiðslu á íslensku víni, Rabarbarafreyðivínið Hret, og er áætlað að það komi á innlendan markað árið 2026. Forsvarsmenn Hrets, þær stóllur Hrund Jóhannsdóttir og Greta Clough, vinna um þessar mundir að þróun á íslensku freyði- og ávaxtavíni. Markmiðið er að þróa farsælt vörumerki með áherslu á íslenskan uppruna en á alþjóðlegum markaði.

Byrjað verður á rannsókn-um og þróun á rabarbarafreyðivíni, sem leggur grunninn að vörulínunni. Forsvarsmenn Hrets stefna að sjálfbærri hráefnaöflun frá íslenskum bændum og tínslufólki. Fyrstu skrefin



Greta og Hrund kampakátar með ... Já, kampavínið. MYND AF BBL.IS

fela í sér uppsetningu framleiðslu, smáprófanir og stefnumótandi markaðssetningu. Verkefnið fékk nýlega tæpar 4,4 milljónir króna úr Upp-

byggingarsjóði Norðurlands vestra.

Nánar má lesa um þetta í Bændablaðinu og í frétt á Feykir.is. /sg

Menning

Sögur og sagnir af Skaga
og upp til heiða og dala

Skagabyggð fékk á árinu 2024 styrk úr Uppbyggingarsjóði Norðurlands vestra til að safna og taka upp á stafrænt form ýmsar sagnir og fróðleik sem nota mætti í sögutengda ferðabjónustu. Starfshópur á vegum Skagabyggðar og síðan Húnabyggðar eftir sameiningu, tók upp töluvert efni í viðtölum við fólk sem hafði sögu að segja og fróðleik að miðla.

Hluti efnisins hefur nú verið klipptur til, textaður og settar inn myndir eftir efni og komið inn á YouTube rás á vegum Húnabyggðar.

Fyrirhugað er að koma fyrir QR-kóða merkjum á nokkrum viðkomustöðum ferðamanna á svæðinu þar sem hægt verður að tengjast við sögurnar og upplifa frásögn á staðnum. Styrkur sem fékkst úr Uppbyggingarsjóði á þessu ári verður einnig notaður til áframhaldandi úrvinnslu á þegar uppteknu efni og frekari efnisöflunar. Þeim sögum mun verða komið fyrir með sama hætti og áður er getið. /óab

Skagafjörður

Ljóðasöngur í Árskóla

Á heimasíðu Árskóla segir af því að Alfreð Guðmundsson, kennari við skólann, hafi gefið út skemmtilega ljóðabók, Dýrin á Fróni, með vísum sem hann orti um íslensku dýrin. Mánudaginn 31. mars mættu hjónin Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir mezzósópran og Francisco Javier Jáuregui gítarleikari, sem skipa tvíeykið Dúó Atlantico, í Árskóla á Sauðárkróki og fluttu ljóðin fyrir nemendum mið og yngsta stigs.

„Gerðu nemendur góðan róm að flutningnum og kunnum við öllum þeim sem komu að þessum tónleikum bestu þakkar. Þess má geta að



Tvíeykið Dúó Atlantico í Árskóla. MYND AF ÁRSKÓLLIS

Alfreð hefur einnig samið ljóð og gefið út ljóðabók um íslensku fuglana,“ segir á vef Árskóla.

Það var Stefan Sand, kórstjóri í Módettkórnum, Vox feminae

og Hljómeyki, sem samdi gullfalleg lög við allar vísur Alfreðs. Þá má geta þess að dagskráin var einnig flutt í Gránu síðastliðinn sunnudag. /óab



**Fisk-Seafood óskar
fermingarbörnum og foreldrum
þeirra til hamingju með daginn**



Við óskum
FERMINGARBÖRNUM
til hamingju með daginn

 **Bifreiðaverkstæði**

 **STEINULL**


Hofsstaðir
Sveitascetríð


UPPSTEYPA


Verslunarmannafélag
Skagafjarðar
STOFNAN 1988

Stjörnuverk

Bílaverkstæði


Grána
Bistro
matar & upplifun

 **LÖGREGLAN**

Feykir

Kjötafurðastöð 

 **Rh**
ENDURSKOÐUN


nýprent

FERMINGAR FEYKIR

Fermingarbörn svara spurningum Feykis

Að venju gefum við út Fermingar-Feyki að vori og í blaði vikunnar eru því fjölmörg viðtöl við verðandi fermingarbörn á Norðurlandi vestra. Einnig tökum við púlsinn á nokkrum sem fermdust fyrir einhverjum árum, skoðum fermingartískuna í ár og gjafir sem gætu sómt sér vel í fermingarpakkanum. Auk þess má finna lista yfir fermingarbörn á Norðurlandi vestra á blaðsíðu 24. Vonandi hafa lesendur blaðsins gagn og gaman af blaði vikunnar. Góða skemmtun!

[ÉG FERMIST] siggag@nyprent.is

Rebekka Kristín Danielsdóttir Blöndal á Blönduósi

Langar í Pug hund í fermingargjöf


Rebekka Kristín Danielsdóttir Blöndal verður fermd þann 26. apríl í Blönduós-kirkju. Rebekka Kristín býr á Melabrautinni á Blönduósi og eru foreldrar hennar Gígja Bl. Benediktsdóttir og Daniel Kristjánsson.

Hvernig hefur fermingarundirbúningnum verið háttað? Ég, mamma og systir mín höfum verið að hjálpa að og það gengur vel. Hvar verður veislan haldin? Á veitingastaðnum TENI og það er u.þ.b. 80 manns boðið.

Er búið að ákveða hvað verður á matseðlinum? Já, það verður lambalæri, tortillavefjur og mini hamborgara. Í eftirrétt verður síðan fermingarterta, marengs og rice crispie-sturn.

Er búið að ákveða fermingarfötin? Ég verð í sama fermingarkjól og systir mín var í þegar hún fermdist. Hann er hvítur, þínu síður, peysa við og hvítir skór.

Hvað er á topp 3 listanum sem þú óskar þér í fermingargjöf? Númer eitt á listanum er ferð til Parísar, númer tvö er peningur fyrir framhaldsskóla og númer þrjú er Pug hundur. Ef þú mættir bjóða einhverjum frægum ein-



staklingi í veisluna þína hver yrði fyrir valinu og af hverju? Danny Zoko úr Grease, hann gerir góð lög og er fyndinn leikari.

Hefur þú farið í margar fermingarveislur sjálf? Já, nokkrar og það var spilað Kahoot í tveimur þeirra sem var mjög skemmtilegt.

Bergrún Lauga Þórarinsdóttir á Stórhóli í Lýtingsstaðahreppi

Fermist í upplut

Bergrún Lauga Þórarinsdóttir fermist í Reykjakirkju þann 14. júní. Sr. Halla Rut Stefánsdóttir fermir stúlkuna en foreldrar hennar eru Sigrún Helga Indriðadóttir og Þórarinn Guðni Sverrisson á Stórhóli í Lýtingsstaðahreppi.

Hvernig hefur fermingarundirbúningnum verið háttað? Ég ákvað í haust hvað mig langaði að hafa í matinn. Gestalistinn var skrifaður niður á leiðinni til Akureyrar með mömmu. Mágkona mín hannaði boðskortin og þau eru alveg að verða klár, hún er líka búin að taka eitthvað af fermingarmyndum. Ég á eftir að ákveða hvernig kerti, gestabók og kökuskreytingu ég vil hafa.

Hvar verður veislan haldin? Veislan verður haldin í matsal Varmahlíðarskóla og það er í kringum 160 manns boðið.

Er búið að ákveða hvað verður á matseðlinum? Það verður lamba- og folaldakjöt, bakaðar kartöflur, brún sósa, grænar og gular baunir og salat.

Er búið að ákveða fermingarfötin? Ég verð í upplut í kirkjunni og verð í kjól í veislunni.

Hvað er á topp 3 listanum sem þú óskar þér í



fermingargjöf? Mig langar t.d. í iPhone 16 pro og ferð til útlanda.

Hefur þú farið í margar fermingarveislur? Var eitthvað í þeirri veislu sem þér fannst vera skemmtilegt og þig langar til að gera í þinni veislu líka? Ég hef farið í margar fermingarveislur en man ekki mikið eftir þeim og hvort það hafi verið eitthvað skemmtilegt sem mig langar til að hafa í minni veislu.

Arney Nadía Hrnarsdóttir á Skagaströnd

Fermist í hvítum blúndukjól og Jordans skóm

Arney Nadía Hrnarsdóttir býr á Skagaströnd og foreldrar hennar eru Alexandra Ósk Guðbjargardóttir og Hrnar Baldvinsson. Sr. Guðni Þór Ólafsson sér um ferminguna sem verður í Hólaneskirkju þann 8. júní.



Hvernig hefur fermingarundirbúningnum verið háttað?

Við erum búin að læra trúarjátninguna, fara í messur og sunnudagaskólann svo er ég í fermingarfræðslu. Ég fór líka í fermingarferð í Vatnaskóg. Hvar verður veislan haldin? Hún verður haldin í Laugalækjarskóla í Reykjavík og það er mörgum boðið. Er búið að ákveða hvað verður á matseðlinum? Já, mexíkósk kjúklingasúpa og kökur. Er búið að ákveða fermingarfötin? Já, hvítur blúndukjól og Jordans skór. Hvað er á topp 3 listanum sem þú óskar þér í fermingargjöf? Ferð til útlanda, hundur og peningur. Ef þú mættir bjóða einhverjum frægum einstaklingi í veisluna þína hver yrði fyrir valinu og af hverju? Aron Can því hann er góður tónlistarmaður og er huggulegur. Hefur þú farið í margar fermingarveislur og var eitthvað í þeirri veislu sem þér fannst vera skemmtilegt og þig langar til að gera í þinni veislu líka? Já, farið í nokkrar, langar t.d. að vera með nammibar og photobooth.

Guðjón Þór Hjálmarsson á Blönduósi

Íslenska kjötsúpa í boði

Guðjón Þór Hjálmarsson býr á Blönduósi, nánar tiltekið á Hlíðarbrautinni, verður fermdur þann 26. apríl í Blönduóskirkju af sr. Eddu Hlíf Hlífarsdóttur. Foreldrar Guðjóns eru þau Hjálmar Björn Guðmundsson og Ingibjörg Signý Aadnegard.



Hvernig hefur fermingarundirbúningnum verið háttað?

Fjölskyldan hélt fund og við gerðum Exel skjal til að halda utan um allt svo það klikki ekkert hjá okkur. Hvar verður veislan haldin? Veislan verður í Húnaveri og það er mörgum boðið. Er búið að ákveða hvað verður á matseðlinum? Já, íslensk kjötsúpa, kaffi og kökur. Er búið að ákveða fermingarfötin? Já, blá Jack and Jones jakkaföt. Hvað er á topp 3 listanum sem þú óskar þér í fermingargjöf? Ferð til Liverpool, pening og Metta sport föt. Ef þú mættir bjóða einhverjum frægum einstaklingi í veisluna þína hver yrði fyrir valinu og af hverju? Conor Bradley því hann er uppáhalds leikmaðurinn minn í Liverpool. Hefur þú farið í margar fermingarveislur, var eitthvað í þeirri veislu sem þér fannst vera skemmtilegt og þig langar til að gera í þinni veislu líka? Nei hef ekki farið í margar fermingarveislur.

ÍÞRÓTTAFRÉTTIR

Úrslitakeppni Bónus deildar karla í körfubolta

Deildarmeistararnir höfðu sigur í fyrsta leiknum

Það reyndist raunin, líkt og Feykir hafði bent á fyrir fyrsta leik Tindastóls og Keflavíkur í átta liða úrslitum, að Keflvíkingar voru sýnd veiði en ekki gefin. Þeir mættu brattir til leiks í Síkið og létu heimamenn heldur betur að hafa fyrir hlutunum. Eftir sveiflukenndan leik þá var það loks í blálökin sem Stólarnir tryggðu sér sigurinn eftir að gestirnir höfðu leitt með fjórum stigum í hálfleik. Lokatölur 94-87.

Þetta var sem fyrr segir fyrsti leikur liðanna en þar sem Feykir fór í prentun fyrir síðustu helgi þá hafa liðin mæst í Keflavík síðan og þriðji leikur liðanna er annað kvöld, fimmtudag 17. apríl.

Svo virðist sem öll fjögur einvigin í úrslitakeppninni séu líklega til að bjóða upp á drama og óvæntar vendingar, enda öll liðin vel mönnuð og gamla lumman um dagsformið líkleg



Sjóarinn okkar eistneski var sterkur og gerði 25 stig. MYND: SIGURÐUR INGI

til að réttlæta sannleiksgildi sitt.

Í fyrsta leiknum í síðustu viku þá átti Basile frábæran leik; gerði 23 stig, tók níu varnarfráköst og gaf átta stoðsendingar auk þess sem hann stal fjórum boltum. Stigahæstur var þó Drungilas með 25 stig, hann tók sjö fráköst og fiskaði tíu villur. Giannis gerði 12 stig og tók 13 fráköst en bróðir hans, Dimitrios, var með 13 stig og sjö fráköst.

Hittni heimamanna var ekki til fyrirmyndar en það sem skildi á milli liðanna voru fyrst og fremst tapaðir boltar og sóknarfráköst en Stólarnir töpuðu aðeins tveimur boltum en gestirnir tólf. Þá tóku heimamenn ellefu sóknarfráköst en Keflvíkingar sex. Þetta varð m.a. til þess að Stólarnir tóku 74 skot í leiknum en andstæðingurinn aðeins 59. Þá fengu Tindastólmenn fleiri vítaskot. /óab

Bónus deild kvenna í körfubolta

Skellur í fyrsta leik Stólastúlkna

Úrslitakeppnin í Bónus deild kvenna hófst mánudaginn í síðustu viku og lið Tindastóls sótti þá Íslandsmeistara Keflavíkur heim. Israel og Hlynur mættu með aðeins átta stúlkur til leiks en meðal annars vantaði bæði Ilze og Rannveigu í hópinn en þær voru veikar. Heimaliðið byrjaði vel og hleypti gestunum í raun aldrei inn í leikinn. Staðan í hálfleik var 46-33 en lokatölur 91-62.

Nú þegar Feykir berst í hendur áskrifenda þá hafa þrír leikir verið spilaðir og einvigið því mögulega yfirstaðið – en við vonum það besta.

Lið Keflavíkur spilaði aggressíva vörn þannig að Edytu Ewu og Randi gekk vægast sagt

illa að setja niður 3ja stiga skotin. Randi klikkaði á öllum átta skotum sínum en Edyta setti eitt af níu. Þær voru þó heldur seigari þegar þær sóttu inn í teiginn. Randi endaði stigahæst með 21 stig og hún átti sjö stoðsendingar. Edyta Ewa var með 15 stig og tíu fráköst, Brynja gerði níu stig og öll úr þristum, Inga Sólveig gerði átta stig, Klara fimm, Zuzanna þrjú og Bérangér tvö.

Israel Martin tjáði Vísi það eftir leik að hann hefði verið ánægður með framlag sinna stúlkna sem gáfu allt í 40 mínútur. „Keflavík voru betri en við í dag en það góða við úrslitakeppnina er að sama hvort þú tapar með einu stigi eða fimmtíu er staðan bara 1-0. Við reynum að vinna annan leikinn á Sauðárkróki,“ sagði hann í samtali við Vísi. /óab

Knattspyrna

Sigur á FH í æfingaleik

Það styttist í að Besta deild kvenna í knattspyrnu hefjist og Stólastúlkur eru nú á Spáni í æfingabúðum.

Þær léku einn æfingaleik áður en þær fóru af landi brott, sigruðu þá lið FH 2-3 eftir að hafa lent 2-0 í upphafi síðari hálfleiks. Elísa Bríet gerði tvö mörk og nýr framherji liðsins, Makala, setti eitt.

Þrjár bandarískar stúlkur spiluðu sinn fyrsta leik með liði Tindastóls í leiknum. Það voru Grace Pettet sem er örsvættur varnarmaður, framherjinn Makala Woods og markvörðurinn Genevieve Crenshaw en hún er reyndar enn ekki komin með leikheimild þó Donni Þjálfari sé bjartsýnn á að það styttist í það.

Fyrsti leikurinn í Bestu deildinni er hér heima gegn FHL þann 16. apríl. /óab

Kjólar og klassík

Það er komið að þeim tíma ársins þegar foreldrar fermingarkrakkanna fara að huga að lokakafli undirbúningsins fyrir sjálfan fermingardaginn. Margir eru eflaust búnir að ákveða í hverju skal vera á sjálfum deginum en úrvalið í dag, maður minn, hvað það er mikið til af falletum fatnaði. Vildi óska að úrvalið hafi verið svona mikið þegar ég fermdist en ég þakka allavega Guði fyrir að ég valdi mér þægileg fót, svona fyrir utan brjóstarhaldarann.

UMFJÖLLUN
Sigríður Garðarsdóttir

En hver man ekki eftir því í hverju hann var á þessum degi og gaman er að skoða hvernig tískan breytist í þessu eins og öllu öðru þó svo að jakkaföt og blúndukjólar sé nokkuð skothelt val. En við skulum kíkja hvað NTC hf. (www.ntc.is) er með á boðstólum fyrir fermingarnar í ár þar sem þau

leggja mikinn metnað í að bjóða upp á mikið úrval af falletum fatnaði fyrir dömunarnar, drengina og ekki má gleyma foreldrana því hjá þeim er hægt að fata upp alla fjölskylduna í einni ferð.

Litríkir kjólar úr mesh málið í ár

Í ár virðast kjólar vera mest áberandi eins og var raunin í fyrra og gaman að sjá öll mynstrin og fallegu litina í þessum léttu og þægilegu efnum sem í boði eru. Efni eins og mesh og blúnda virðast ráða ríkjum og er síddin á kjólunum frá því að ná niður á hné og niður í skósfitt og með klauf. Allur gangur virðist vera á því hvort kjólarnir séu ermalausir eða síðerma, það fer kannski meira eftir hvaða efni er í kjólunum. Það sem grípur augað hjá mér er að sjá skósfitt pilsin sem hægt er að fá bæði marglit og einlit

og ef valið er einlit pils þá er marglitur bolur við eða þá öfugt, marglitað pils og einlitur bolur við, einstaklega fallett og smekklegt allt saman.

Poppaðu upp jakkafötin með litríkri slaufu

Sjá svo þessa krúttlegu stráka.... drengjafötin eru og hafa verið mjög svipuð núna ár frá ári og kannski erfiðara að finna upp á einhverju nýju hjá þeim. Jakkafötin eru alltaf klassísk þá í bláu, gráu eða svörtu og hvít skyrtu við. Persónulega er ég alltaf hrifnari að því að sjá unga stráka með slaufur frekar en bindi sem er þá hægt að nota til að poppa upp dressið. Þá er gaman að kaupa

einhvern áberandi lit sem fer drengnum vel.

Við þetta er svo sætir hælaskór, í ljósu eða svörtum lit, með ökklabandi eða t-bandi og með kubbahæl fyrir dömunarnar en grófir ökkaskór já eða bara strigaskórnir góðu sem fá sitt notagildi eftir ferminguna fyrir bæði kynin.



FERMINGARDAGURINN MINN | klara@nyprent.is

Vala Kristín Ófeigsdóttir

„Ég var skotin í öllum strákunum“

Vala Kristín Ófeigsdóttir er frá Hofsósi og býr þar á Kirkjugötunni. Vala er gift Helga Hrannari Traustasyni frá Syðri-Hofdölum og á með honum fimm börn. Vala vinnur í Grunnskóla austan Vatna á Hofsósi.

Hvar og hvenær fermdist þú? Ég fermdist í Hofskirkju 19. maí 2001 með Silju vinkonu minni frá Hofi.

Manst þú eftir fermingunni sjálfri og fermingarfræðslunni?

Ég man nú aðallega eftir fermingarbarnamótinu á Löngumýri. Þá hittum við krakka frá Siglufirði, ægilega mikið stuð. Ég var skotin í öllum strákunum, sérstaklega Rúnari Óla og Lúlla. Ef þeir lesa Feyki, þá er símanúmerið mitt 847-7106. Ég man vel eftir fermingunni, Anna Sigga Helgadóttir söng undursamlega, svo blítt að einhverjir fóru að gráta. Sr. Ragnheiður Jónsdóttir talaði fallega til okkar og ég man hvað mér fannst ég orðin fullorðin. Ég man líka hvaða ritningarvers ég valdi mér: *Sælir eru þeir sem hungrar og þyrstir eftir réttlætinu því að þeir munu saddir verða.*

Hvernig var fermingardressið og hárgreiðslan?

Fermingardressið var samkvæmt nýjustu tísku, upphlutur sem Valdís systir hafði líka fermst í. Haddý mágkona mömmu á upphlutinn. Hárið var svo í smekklefum liðum sem Valdís hafði sett í mig.



Glæsileikinn uppmálaður hjá Völu í fermingarmyndatökunni, fín og sæt í upphlutnum sem Haddý mágkona mömmu Völu á.

Hvar var fermingarveislan haldin?

Fermingarveislan var haldin í Frændgarði á Hofsósi. Þetta var rétt áður en húsið var tekið fyrst í notkun fyrir skrifstofur og sýningar.

Hvað bauðst þú upp á í fermingarveislunni?

Albert Ingi matreiðslumeistari eldaði mjög góðan mat. Í aðalrétt var svínakjöt og með því. Á eftir var alls konar sykursull, kransakökur, macintosh og allt það helsta.

Hver var heitasta gjöfin á þeim tíma?

Ég fékk marga lampa, svo ætli þeir hafi ekki þótt heitastir. Svo fékk ég reyndar frábærar steriógræjur sem voru mjög nýmóðins á þeim tíma en ég gat tekið upp á geisladisk og búið til mína eigin „Best of“ diska. Svakalega töff.

Hver er eftirminnilegasta gjöfin?

Eftirminnilegasta gjöfin voru þrjónaðir vettlingar sem Didda í Litlu-Brekku gaf mér, merka með nafninu og fermingarárinu. Vettlingarnir eru ennþá heilir og oft notaðir.

Hvað stóð upp úr á fermingardaginn sjálfan?

Ég gleymdist í kirkjunni á Hofi. Allir voru svo æstir að komast niður í Hofsós í veisluna og það varð einhver misskilningur. Ég þurfti að bíða í drjúga stund eftir að það uppgötvaðist.

Ef þú værir að fermast í dag, hvernig dress yrði fyrir valinu og hver væri óska gjöfin?

Ég myndi glöð smella mér í upphlutinn, ef hann myndi nú passa. Óska gjöfin væri sennilega málverk í stofuna.

Hamingjuóskir með daginn

Kaupfélag Skagfirðinga óskar fermingarbörnum og fjölskyldum þeirra til hamingju með áfangann



Viltu vera memm?

Það er bara gaman að vera áskrifandi.

Feykir

Kaupfélag Skagfirðinga

Kaupfélag Skagfirðinga | Ártorgi 1 | 550 Sauðárkróki | 455 4500

FEYKISVIÐTAL | Atli Dagur Stefánsson er á leið í Berklee College of Music

Með BA gráðu í að semja tónlist



Atli Dagur með gítarinn. MYNDIR AÐSENDAR

Atli Dagur Stefánsson tónlistarmaður hefur búið á Sauðárkróki „on & off“ eins og hann segir sjálfur síðan 2008 eða síðan hann var níu ára gamall, það gerir að Atli Dagur er fæddur 1999. Hann er sonur hjónanna Stefáns Vagns Stefánssonar og Hrafnhildar Guðjónsdóttur og kærasti Gabrielle Lacerda. Atli Dagur útskrifaðist síðasta vor með BA gráðu í Songwriting og hlaut viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur í námi og starfi. Feykir setti sig í samband við Atla Dag og forvitnaðist aðeins um hvað væri framundan.

VIÐTAL
Gunnhildur Gísladóttir

Blaðamaður biður Atla Dag fyrst um að segja frá sínum helstu tónlistarafrekum hingað til. „Mín helstu afrek sem

tónlistarmaður eru til að mynda lagið mitt *Missing Her So* en það var lagið sem hóf ferilinn minn af einhverri alvöru. Lagið er með rétt tæplega milljón streymi á Spotify og rétt rúmlega þrjár milljónir streyma þvert á streymisveitur og er þar með vinsælasta lagið mitt. Einnig má minnast á það þegar lagið mitt *Gone (Halo)* var keypt til notkunar í sjónvarpsþætti í Bandaríkjunum úr smíðju NBC í nóvember 2024 en það var risastórt skref á mínum ferli.“

Hvað er á döfinni? „Platan mín *Lights Out* kom út í janúar á þessu ári og til að fagna því langaði mig til að ráðast í lítið tónleikaferðalag hérna á Íslandi. Ég mun halda tónleika í Húsi Máls & Menningar þann 26. apríl, í Gránu á Sauðárkróki 3. maí og á BIRD í Reykjavík þann 9. maí. Þetta mun vera í fyrsta skipti sem ég held sjálfur tónleika af þessu kalíberi og verður einnig í fyrsta sinn sem ég spila á tónleikum í fullri lengd. En áður en ég held af stað í það verkefni mun ég verða viðstaddur *Stockfish Film Festival* í Reykjavík 3.-13. maí þar sem tónlistarmyndbandið mitt við lagið *Settle*

Down var tilnefnt til verðlauna fyrir besta tónlistarmyndbandið. Ég er þar í riðli með listamönnum líkt og Briet, Birni, Úlfur Úlfur og Kára Egils.

Blaðamaður varð forvitinn að vita hvað hefði drifið á daga Atla og hvað hann væri í löngu stoppi á Sauðárkróki því sést hefur til hans á fótboltaæfingum með Tindastól undanfarið og hvað hefur Atli verið að brasa. „Ég hef síðan 2021 búið í London þar sem ég stundaði nám við Institute of Contemporary Music Performance. Ég útskrifaðist þaðan í apríl 2024 með BA gráðu í *Songwriting* en ég hlaut einnig viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur í námi og starfi. Eftir útskriftina ákvað ég að vera áfram í London og byrjaði að vinna sem gjafari (*dealer*) í einu stærsta spilavítinu þar, The Victoria Casino á Edgware Road, eftir að hafa lokið sex vikna námskeiði þar sem ég lærði reglur í t.d. Blackjack og rúlettu. Ég flutti síðan aftur heim á Krókinn í nóvember 2024 til að slaka aðeins á og safna pening fyrir mastersnáminu mínu, en ég hlaut inngöngu í Berklee College Of Music í New York, og mun byrja þar í september á þessu ári. Ég er núna að vinna sem stuð-

ingsfulltrúi í Árskóla ásamt því að kenna tónlistaráfanga í FNV.“

Hvenær byrjaðir þú að semja tónlist? „Ég byrjaði að fíkta við það að semja tónlist þegar ég var 20 ára, en þá bjó ég í Reykjavík og þóttist ætla að nema viðskiptafræði í Háskóla Íslands. Ég fór svo almennilega af stað í tónlistarsköpuninni þegar ég og vinur minn Haukur Karlsson hófum verkefnið okkar Azpect í byrjun árs 2020 en þar fór metnaðurinn á fullt og ég áttaði mig á tækifærunum sem buðust í tónlistarbransanum.

Síðan hélt lífið áfram og því meira sem gekk á því meiri þörf fann ég fyrir því að semja, og tónsmíðar urðu að útrás fyrir alls konar tilfinningum. Ég byrjaði síðan að gefa út tónlist undir eigin nafni sumarið 2021 og er það aðalverkefnið mitt enn þann dag í dag.“

Hvernig tónlist ert þú að semja? „Markmið mitt með tónlistinni minni er að semja lög sem hreyfa við mér og þá vonandi öðrum sem heyra þau. Lögnum mínum má best lýsa sem einlægri “Indie-Pop” tónlist sem tekur innblástur frá listamönnum eins og Lewis Capaldi, Bon Iver og Ed Sheeran.“

Hvernig tónlist hlustar þú á og hvernig tónlist ertu alinn upp við? „Ég hef seinustu ár hlustað afskaplega mikið á *Indie-Folk* tónlist og *Singer/Songwriter pop*. Mínir uppáhalds tónlistarmenn þessa dagana eru Bon Iver, Novo Amor og Noah Kahan. Það var ekkert svakalega mikil tónlistarmening á mínu heimili þegar ég var krakki en ég varð afskaplega hrifinn af þeim James Blunt og Michael Jackson.“

Áttu fyrirmynd á sviði tónlistar? „Ég lít mikið upp til Ed Sheeran, en hans ferill sem tónlistarmaður er stórkostlegur. Hann er náttúrulega mest þekktur fyrir sína eigin tónlist en hann semur einnig mikið fyrir aðra listamenn sem er eitthvað sem ég gerði mikið í London þegar ég bjó þar og langar til að halda áfram.“

Hvað er skemmtilegast að gera? „Mér finnst alveg æðislegt að setjast niður fyrir framan tölvuna, hringja í vini mína og spjalla eða spila eitthvað skemmtilegt saman.“

Er lífið bara lag eða ertu að gera eitthvað annað skemmtilegt? „Líf mitt snýst að mjög miklu leyti um tónlistina en ég er mjög einbeittur að því að nýta tímann minn hér á landi sem best. Þess utan er ég hins vegar partur af knattspyrnuliði Tindastóls og ég hef tekið upp þráðinn sem markmaður þar. Við förum í æfingaferð til Spánar 2.-9. maí og síðustu vikur hafa þess vegna farið í alls konar fjáraflanir.“

Hverjar eru helstu áskoranirnar sem



Umslag nýju plötunnar Lights Out sem kom út nú í janúar.

metnaðarfullir og vilja byrja feril sinn sem tónlistarmenn.“

Hefur þú einhverja sérstaka rútinu þegar þú ert að semja tónlist? „Já! Ég kem frá akademískum tónlistarbakgrunni með BA gráðu í því að semja tónlist og hef þar af leiðandi þróað með mér mjög útpæld leið þegar ég sem lög. Ég hef mikla trú á formúlum og alls kyns þamal-

puttareglum sem auðvelda mér mikið ákvarðanatök. Ég horfi mikið á samspil melódíu og texta og hlusta mikið á speki lagahöfunda eins og Max Martin.“

Hvaða áhrif hefur tónlist á þig persónulega? „Það kemur fólki gjarnan á óvart þegar ég segi þeim hvað ég hlusta lítið á tónlist dagsdaglega. En það er þó óneitanlega ein besta tilfinning í heimi þegar ég eignast nýtt uppáhaldslag og er þá með það á repeat næstu 2-3 vikurnar,“ segir Atli Dagur að lokum.

þú hefur staðið frammi fyrir sem tónlistarmaður? „Þegar ég byrja að stíga mín fyrstu skref sem tónlistarmaður fannst mér mjög erfitt að átta mig á því hvernig bransinn virkaði og hvar hægt væri að finna svör við þeim mörgu spurningum sem kviknuðu. Ég upplifði mig mjög einangradann og langt frá tækifærum búandi á Saudárkróki og fannst mér ég alltaf knúinn til að flytja eitthvert annað. Það voru einmitt þess-ar áskoranir sem fengu mig til að byrja með áfangann minn í Fjölbrotaskólanum en þar vil ég hjálpa þeim einstaklingum sem eru

[ÉG FERMIST] siggag@nyprent.is

Aron Logi Svavarsson á Skagaströnd

Myndi bjóða Steinda Jr. í veisluna

Aron Logi Svavarsson býr á Skagaströnd og verður fermdur í Hólaneskirkju þann 8. júní. Sr. Guðni Þór fermir drenginn og eru foreldrar hans Fjóla Dögg Björnsdóttir og Svavar Björnsson.

Hvernig hefur fermingarundirbúningnum verið háttað? Mæta í fermingarfræðslu og messur.

Hvar verður veislan haldin? Veislan verður í félagsheimilinu á Blönduósi og það er fullt af fólki boðið.

Er búið að ákveða hvað verður á matseðlinum? Neee, eiginlega ekki, bara kjöt eða eitthvað.

Er búið að ákveða fermingarfötin? Nei - ekki búinn að ákveða sko.

Hvað er á topp 3 listanum sem þú óskar þér í fermingargjöf? Krossari og eitthvað tengt því.

Ef þú mættir bjóða einhverjum frægum/þekktum einstaklingi í veisluna þína hver yrði fyrir valinu



og af hverju? Örugglega Steindi jr því hann er fyndinn.

Hefur þú farið í margar fermingarveislur sjálfur og var eitthvað í þeirri veislu sem þér fannst vera skemmtilegt og þig langar til að gera í þinni veislu líka? Já, hef farið í nokkrar en þar var ekkert sérstakt sem ég vil hafa hjá mér.

velaval.is
alltaf opin!

Þú finnur fermingargjöfina hjá okkur! Mikið úrval reiðfatnaðar og reiðtygja



Sendum
um land
allt!



Sími: 453 8888 - Opið virka daga kl. 9-17

Við Norðurlandsveg - 560 Varmahlíð

Flott úrval fermingargjafa

- Símar
- Leikjatölvur
- Sjónvörp
- Skartgripir
- Úr
- Heyrnatól
- Hátalarar
- Ferðatöskur

og margt fleira...

Verid velkomin

Skagfirðingabúð

Gleðilega páska

FERING 2025

FERMINGARGJÖFIN FÆST Í LÍFLANDI

FERMINGARTILBOÐ

MB Collection vörur **20% afsláttur**

Allir hnakkar **10-15% afsláttur**

Fleck pískar **10% afsláttur**

Afslættir gilda til 23.apríl

Við minnum líka á gjafabréfin okkar sem slá alltaf í gegn hjá unga hestafólkinu.

Lífland Blönduósi Efstubraut 1 - sími 540 1155

Við sjáum um veisluna!

Allt eftir þínum óskum:
Heitir réttir, snittur, smáréttir, brauð og pestó, tertur af öllu tagi, rísa kleinuhringir o.fl.

- BÓKARTERTA
30 manna kr. 25.500
- KRANSAKAKA
18 hringir 45-50 manna, kr. 27.500
- SÚKKULAÐITERTA
30 manna kr. 25.500
- MARENSKAKA
20 manna kr. 16.100
- SÚKKULAÐIKREMKAKA
30 manna kr. 13.500

Gerum hvað sem ykkur dettur í hug!
T.d. sykurmassa! Ýmislegt fleira gott og girnilegt í fermingarveisluna!

Aðalgata 5 · 455 5000 · bakaripanta@gmail.com

[ÉG FERMIST] siggag@nyprent.is

Guðni Þór Alfreðsson á Hvammstanga

Langar að vera með spurningakeppi í veislunni

Guðni Þór Alfreðsson býr á Hvammstanga og er sonur Alfreðs Alfreðssonar og Unnar Valborgar Hilmardóttur. Alfreð verður fermur þann 8. júní í Hvammstangakirkju af sr. Magnúsi Magnússyni.

Hvernig hefur fermingarundirbúningnum verið háttað? Það er nú enn svolítið langt í þetta svo það hefur ekki mikið verið undirbúið ennþá. Það er búið að panta sal, komin hugmynd að veitingum og búið að bjóða í veisluna með Facebook viðburði. Mamma er líka byrjuð að búa til myndabækur og svoleiðis sem við ætlum að hafa til sýnis í veislunni og velja myndir af mér síðan ég var lítill til að hafa á borðunum.

Hvar verður veislan haldin? Veislan verður í Félagsheimilinu Hvammstanga. Mamma og pabbi sjá um boðslistann en það eru ansi margir á honum því þau vilja bjóða öllum. Fjölskylda mömmu er líka stór og marga hittum við sjaldan og þess vegna viljum við nota þetta tækifæri til að ná stórfjölskyldunni saman. Svo býð ég auðvitað vinum mínum.

Er búið að ákveða hvað verður á matseðlinum? Við erum að skoða að hafa hamborgara sem er uppáhaldið mitt og svo köku og makkarónur á eftir.

Er búið að ákveða fermingarfötin? Tveir frændur mínir eru búnir að láta mig hafa fermingarfötin sem þeir fermdu í á sínum tíma svo ég hef úr tveimur flottum jakkafötum



að velja. Við erum búnir að kaupa skó en eigum eftir að kaupa skyrtu eða pólóból til að vera í innanundir jakkanum.

Hvað er á topp 3 listanum sem þú óskar þér í fermingargjöf? Peningur, fartölva og ferð til útlanda.

Ef þú mættir bjóða einhverjum frægum einstaklingi í veisluna þína hver yrði fyrir valinu og af hverju? LeBron James körfuboltamaður af því að hann er legend.

Hefur þú farið í margar fermingarveislur sjálfur? Var eitthvað í þeim sem þér fannst vera skemmtilegt og þig langar til að gera í þinni veislu líka? Já, ég hef farið í nokkrar veislur. Mér fannst sniðugt í einni þar sem var spurningakeppni um fermingarbarnið, mig langar að gera þannig í minni veislu.

Árelía Margrét Grétarsdóttir á Sauðárkróki

Mjög gaman að skipuleggja veisluna

Árelía Margrét Grétarsdóttir býr á Hólmagrundinni á Króknum og verður fermd af sr. Sigríði Gunnarsdóttur. Árelía Margrét fermist þann 13. apríl í Sauðárkróskirkju og er dóttir Ásu Bjargar Ingimarsdóttur og Grétars Þórs Þorsteinssonar.

Hvernig hefur fermingarundirbúningnum verið háttað? Fermingarfræðslan byrjaði á fimm daga ferð í Vatnaskóg og seinna var dagsferð á Löngumýri. En ég hef líka farið í fermingarfræðslu hjá sr. Sigríði Gunnarsdóttur, ásamt messum. Það er svo búið að vera mjög gaman að skipuleggja veisluna sem verður eftir ferminguna sjálfa.


Hvar verður veislan haldin? Veislan verður haldin í matsal heimavistar FNV. Við buðum um 120 - 130 manns, það komast samt alls ekki allir.

Er búið að ákveða hvað verður á matseðlinum? Já, það verður mexíkósk kjúklingasúpa með öllu tilheyrandi, smáréttir og kökur.

Er búið að ákveða fermingarfötin? Já, hvítur satín/silki kjóll úr Cosmo, hvítir strigaskór og hvítur blazer jakki.

Hvað er á topp 3 listanum sem þú óskar þér í fermingargjöf? Utanlandsferð, sjónvarp og peningur.

Ef þú mættir bjóða einhverjum frægum/þekktum einstaklingi í veisluna þína hver



yrði fyrir valinu og af hverju? Sveindís Jane, af því að hún var einu sinni þjálfarinn minn og er skemmtileg, mig langar að hitta hana aftur. Hún er líka mjög góð í fótbolta.

Hefur þú farið í margar fermingarveislur sjálf og var eitthvað í þeim veislum sem þér fannst vera skemmtilegt og þig langar til að gera í þinni veislu líka? Já nokkrar, já það var Photo booth og nammibar, ég ætla að hafa bæði.

Við óskum
FERINGARBÖRNUM
til hamingju með daginn

 **Landsbankinn**

VINNUVÉLAR
SÍMONAR 

 **Kjarninn**

STOÐ
EHR
VERKFRÆÐISTOFA

 **VÉLAVERKSTÆÐI**

 **Farskólinn**
miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra

 **P.HANSEN EHF**

 **IFS**

 **TRÉSMÍÐJAN**
BORG EHF

 **K R Ó K S V E R K**

 **KPMG**

VARMAHLÍÐARSKÓLI
 **SKAGAFIRÐI**

 **Landsvirkjun**



Turtildúfurnar Áróra og Tommaso. MYNDRADSENDAR

(DAGUR Í LÍFI BROTTFLUTTRA)

Áróra Árnadóttir | Skagfirðingur til þjónustu reiðubúinn í Köben

Rændi skrifblokk af miðasöllumanni í Metró

Síðast stoppaði Dagurinn hjá Pálinu Ósk og Ísaki Einars skammt utan við Osló. Við kveðjum þau með virktum og ímyndum okkur að við röltum með bakpokann upp á veg, húkkum okkur far niður á höfn í norsku höfuðborginni og stökkvum síðan um borð í ferju á leið til Kaupmannahafnar. Siglum út lognsléttan og ofurfallegan Oslófjörð í síðdegissólinni, sofum af okkur smá velting á Norðursjónum yfir nóttina og komum síðan óstöðug af sjóriðu í land á Islands Brygge í Köben. Þar tekur Áróra Árnadóttir á móti okkur brosandi og fylgir okkur heim til sín þar sem við getum sest niður og náð áttum. Sem betur fer er stutt heim - hún býr á Islands Brygge.

VIÐTAL Óli Arnar Brynjarsson

Kannski leggur Oslóferjan ekkert upp að við Islands Brygge en þannig er það í þessari ímynduðu veröld af því að það hentar frásögninni. Áróra er dóttir Elenóru Jónsdóttur og Árna Gunnarssonar, kennara og lífskúntnera á Króknum. Hún verður 25 ára á þessu ári og er næstelst fjögurra systkina. Í Kaupmannahöfn býr hún með ítalska kærastanum sínum, Tommaso Ismail, en þau vinna saman og kynntust á veitingastaðnum Levi, hún þjónn en hann

kokkur. Áróra er sannur Íslendingur og lætur að sjálfsgöðu ekki duga að vinna sem þjónn því hún er nú á síðasta árinu sínu í námi í félagsráðgjöf, vinnur í athvarfi

Bláa krossins fyrir heimilislausa og í verslun H&M.

Við hefjum viðtalið á að spyrja Áróru að því hvernig ævintýri hennar í Danmörku hófst. „Þetta byrjaði allt með



Áróra og Tommaso á Ítalíu, á heimaslóðum hans

við hvernig þið Tommaso kynntust? „Við kynnumst í vinnunni, á veitingastaðnum Levi. Hann var ráðinn sem kokkur þegar ég var búin að vinna á Levi í rúmt ár. Ég ætla ekki að segja að þetta hafi verið ást við fyrstu sýn en við skulum bara orða það þannig að það liðu kannski tvær vikur þangað til við byrjuðum að deita. Hann er frekar feiminn en ég vissi að hann væri eitthvað skotinn í mér þannig ég bauð honum í bjór eftir vinnu einn daginn. Við náðum rosa vel saman og hann bauð mér að koma og horfa á formúluna daginn eftir. Ég hef engan áhuga á formúlu en sagði samt já. Núna erum við búin að vera saman í 1½ ár og búum saman.“ Áróra bætir við að Tommaso sé frá Flórens og þangað fóru þau seinasta sumar. „Þetta er einn fallegasti staður sem ég hef komið á. Fjölskyldan hans er yndisleg og tók rosa vel á móti mér.“

Hvað var fyrsta orðið sem þú kenndir honum í íslensku? „Ætli það hafi ekki verið elska þig, eða kannski sæti minn/sæta mín. Núna getur hann alveg sagt heilu setningarnar!“

Ertu búin að gefa honum íslenskt nafn? „Hann er oft kallaður Tommy þannig að ég kalla hann oft bara Tomma.“

Þú nefnir að þú vinnir sem þjónn á Levi, hvernig staður er það? „Þetta er svona fine-dining veitingastaður. Við fáum alls konar kúnna, allt frá fólki sem er kannski að fagna af einhverju sérstöku tilefni til efnaðs fólks sem kemur bara í kvöldmat. Það koma af og til einhverjir frægir, ég hef m.a. þjónað Mads Mikkelsen, módelinu Monu Tougaard og Alfreð Finnboga.“

Hvernig myndir þú lýsa venjulegum degi hjá ykkur? „Dagarnir eru rosa mismunandi hjá okkur, ég fer í skólann og vinn flesta daga. Sunnudagar eru svolítið heilagir hjá okkur, þar sem við erum oftast bæði í fríi. Okkur finnst voða gott að sofa út, þannig við vöknum í rólegheitunum, bökum stundum pönnukökur eða borðum bara morgunmat. Við förum stundum í göngutúr eða förum saman í ræktina. Annars slöppum við líka oft af eftir langa viku. Við förum oft og fáum okkur sushi eða pöntun pizzu og horfum á mynd.“

Er einhver falleg saga á bak

Hver er hápunktur dagsins? „Það er örugglega þegar við förum að sofa. Dagarnir okkar eru mjög ólíkir þar sem ég vakna snemma til að fara í skólann og hann kemur seint heim úr vinnunni. Þannig að það er alltaf besti tíminn þegar við kúrum uppi í rúmi og tölum um daginn okkar.“

Í Kaupmannahöfn er ágætis neðanjarðarlestakerfi, Metro. Notarðu það mikið og er rétt að það sé ekkert mál að svindla sér inn í lestirnar? „Ég nota Metro rosalega mikið. Jú, ég mæli ekki með því að svindla sér inn í lestina. Er búin að fá nokkrar sektir, það er ekki gaman. Það er reyndar búin að blokka mig frá miðkaupum vegna þess að ég svindlaði mér svo oft í Metro þegar ég var nýflutt hingað. En ég lærði mína lexíu og kaupir mér nú alltaf mánaðarpassa.“

Þú hefur alltaf verið á kafi í tónlist. Hvernig gengur að sinna tónlist í Köben? „Ég hef því miður ekki jafn mikinn tíma og ég vildi til að sinna tónlistinni. En ég er með Taylorinn minn hérna heima og reyni að spila og semja þegar ég get.“

Hvað er Rolling Stones fyrir þér? „Rolling Stones er uppáhaldshljómsveitin mín og pabba. Ég man þegar ég var lítil þá horfði pabbi oft á myndbönd af gömlu rokkstjörnunum eins og við kölluðum þá. Þegar ég var um 16 ára byrjaði ég svo sjálf að hlusta á þá og það er eins og nýr heimur hafi opnast fyrir mér, enda átti ég um 50 ár af tónlist inni til að hlusta á! En þetta er ekki bara tónlist heldur

líka eitthvað sem ég tengi við pabba, og mér þykir svo vænt um það. Núna er ég líka búin að láta tattooa logoið þeirra á mig!“

Hefurðu farið á tónleika með Stones? „Árið 2017 förum við á Stones hérna í Danmörku og það eru stærstu tónleikar sem ég hef farið á, það voru um 45.000 manns í salnum. Við vorum kannski 5-6 metra frá þeim, það var svo geggjúð upplifun, og alveg rosalegir tónleikar. Ég man þegar við bókuðum miðana, þá fór ég að (há)gráta af gleði að hafa náð miðum því ég trúði því ekki að ég fengi í alvöru að sjá þá live. Enda hélt ég að þetta væri minn síðasti séns að sjá þá á tónleikum. Reyndar eru þeir enn að túra í dag átta árum seinna – hversu geggjáðir!? Ég næ kannski miðum á næstu tónleika líka.“

Hvað er best við að búa í Kaupmannahöfn og hver er uppáhalds staðurinn þinn í Köben? „Sumarið í Köben er það langbesta. Það er ekkert betra en að sitja í sólinni og kannski fá sér einn öl. Nú bý ég á Islands brygge og það tekur mig um fimm mínútur að hjóla út á bryggjuna þar sem maður getur hoppað út í vatnið. Það er líklega uppáhaldsstaðurinn minn í allri Köben. Að fljóta í sjónum við Islands Brygge.“

Er Danir í alvöru *ligeglad* og hvað tala þeir um - varla veðrið? „Það er rosalega afslöppuð stemming hérna, Danir eru einmitt rosa *ligeglad*. Þeir vilja helst tala um FCK vs. Brøndby og hvenær þeir geta fengið sér bjór í sólinni næst.“



Tommaso með tengdamóður sinni, Elenóru.

Hvað gerir þú í frístundum? „Það er rosa misjafnt en er mikið með vinum, fer í ræktina, hringi í foreldra mína eða systkini, fer í göngutúra eða eyði tíma með Tommaso.“

Mér skilst að þú sért bjartsýn að eðlisfari. Ertu til í að segja lesendum frá því þegar þú fluttir hnífasett með þér í handfarangri til Köben? „Það er skemmtileg saga,“ segir Árórar hlæjandi. „Jörundur, litli bróðir minn, gaf mér ostahnífasett í jólagjöf í fyrra. Ég, fátæki nemandinn sem ég er, tímdi ekki að kaupa stóra tösku þannig að ég var bara með handfarangur. Þegar ég fór svo í gegnum security á flugvelli var taskan mín stoppuð og ég var beðin um að koma og sjá einhverja röntgenmynd af því sem væri í tösk-



Áróra með mömmu og pabba á Stones-tónleikum 2017.



Áróra og vinkona hennar á Roskilde Festival.



Áróra nýtur lífsins og danska sumarsins.

5 á 15 sekúndum

Hversu lengi ertu í kjörbúðina frá heimili þínu? Tvær mínútur. Ég bý við hliðina á búðinni.

Hvað færðu þér í staðinn fyrir eina með öllu? Fæ mér rosa mikið pizzu, eða jafnvel durum.



Hvað kostar mjólkurlífrinn? Held 19 kr, um 400 kall isk.



Hver er skrynasti maturinn? Úfff, ég var lengi að venjast hvað Danir borða mikið rugbrød eða smørrebrød. En kann að meta það núna. Annars finnst mér tartelettur með kjúkling og aspás frekar skrítið fyrirbæri.

Hvert farið þið til að gera vel við ykkur? Ég og Tommaso förum oft út að borða sushi þegar okkur langar í eitthvað gott en annars ef það er alvöru lúxus fer ég stundum þangað sem ég er að vinna, á Levi, þar sem er svo góður matur og geggjáðir drykkir.





Öll fjölskyldan í heimsókn í Danmörku en þessi mynd var tekin í Tívoli.

unni og var spurð hvað þetta væri. Ég svara: „Þetta er svona ostasett.“ Þau anda léttar og segja nú okey. Þá missi ég út úr mér; „Já, eða svona ostahnífar...“ „HNÍFAR!“ svarar konan. Þá segi ég aftur: „Ha, já nei, svona ostasett...“ Allavega þá komst ég í gegn með ostahnífana og nota þá bara mjög mikið.“

Þú minnst á í upphafi að þú starfar fyrir Bláa krossinn. Hvað gera þau samtök? „Ég vinn sem sagt á athvarfi heimilissausra hjá Bláa krossinum sem eru kristin hjálparamtök líkt og Rauði krossinn. Ég myndi samt kannski frekar lýsa þessu eins og húsnæði fyrir heimilissausa sem býr þarna til lengri tíma. Fólki sem er heimilissaut og á við fjölþættan vanda að stríða, er hjálpað að komast aftur út í lífið, fá vinnu og eigin íbúð. Þetta getur verið krefjandi en alveg rosalega gefandi líka og ég alveg elska að vinna þarna.“

Hvers saknar þú mest að heiman? „Fjölskyldunnar, ekki spurning. Reyndar sakna ég líka náttúrunnar og fjallanna.“

Gætir þú deilt einhverri sniðugri eða eftirminnilegri sögu frá dvöl þinni erlendis? „Fyrsta sumarið sem ég bjó hérna úti var ég með vinkonum mínum, Önnu Margréti sem var í heimsókn, og Önnu Sóley sem bjó hérna úti, í Metró. Við vorum ekki með gildan miða þannig við vorum bara á varðbergi ef það kæmi miðavörður inn. Svo missum við auðvitað athyglina og förum eitthvað að spjalla og þá kemur einmitt vörður inn og biður okkur um miða. Ég segi við



Vinkonuhópurinn í heimsókn hjá Áróru í Kaupmannahöfn.



„Hér vorum við Anna Sóley nappaðar af Metro-miðaverðinum,“ segir Áróra.

stelpurnar að við ættum bara að reyna að hlaupa í burtu, en þegar við stóðum upp hlupum við beint í fangið á miðaverðinum. Það var ekkert hægt að komast hjá því, þannig við tókum á okkur sektina. Vörðurinn rétti mér skrifblokkina sína til að skrifa niður nafn, kennitölu o.s.frv. Ég var svo

pirruð að hafa fengið þessa 15.000 krónu sekt að ég stal blokkinni hans svo hann gæti ekki sektað fleiri – eins og nútíma Hrói Höttur. Kjarni málsins er; kaupu bara miðann. Það kostar bókstaflega 500 kall.“

Feykir þakkar Áróru fyrir skemmtilegt spjall.

MINNING

Brynjar Pálsson

Binni Júlía

10. júní 1936 – 18. mars 2025



Pabbi og mamma fóru að draga sig saman sumarið 1954. Hann þá 18 ára, nýkominn heim af Vellinum og nógu auðugur, eftir á annað ár þar, til að geta keypt sér gamlan Willis-jeppa af Hermanni á Lóni með númeraplötunni K217. Það var kannski ekki gott að mamma var að stinga af í húsmæðraskóla til Silkiborgar í Danmörku og skildi hann eftir á Króknum einn vetur. Ekki löngu áður en mamma dó, fyrir tíu árum, fundum við veskið sem hún hafði farið með út en inni í því var svarthvít mynd af kærastanum. Hún brosti og sagði, með blik í auga, að vinkonur hennar hefðu haldið að hann væri kvikmyndastjarna. Hún var enn skotin í honum.

Pabba þótti það miður að hann fæddist á Landspítalanum í Reykjavík. Það var eitthvað sem hann laumaði að fólki eins og skelfilegu leyndarmáli en naut þess að segja svo að hann hefði strax tíu daga gamall fengið það í gegn að flytja heim á Krók. Þar bjuggu amma hans og afi, Binna og Júlía, um litla drenginn í kommóðuskúffu í pínulitla húsinu þeirra við Freyjugötu 11 sem þau deildu með annarri fjölskyldu.

Pabbi fékk snemma bíladellu, settist fyrst undir stýri á póstbílnum sex ára gamall og var orðinn aðstoðarökumaður hjá fjölskylduvininum og ökuþórnum Palla Sveinbjörns um tólf ára aldur – kannski fyrr. Hann hafði unun af því að keyra og keyrði mikið alla tíð.

Pabbi var gláðsinna og kunnur ógrynni af sögum af Króknum og sagði þær af væntumþykju. Hann var óþolandi mannglögur, forvitinn um fólk og kunnur þá list að

geta talað við alla af áhuga og glettni. Og þá meina ég alla. Ég held það hafi verið sama hvar við komum, alltaf komst hann á gott spjall. Stundum hófst það með óvæntu útspli sem leiddi til þess að jafnvel lokaðasta fólk opnaði sig.

Við Palli ólumst upp í foreldrahúsum á Hólmagrundinni en ólíkt bróðir mínum flaug ég aldrei úr hreiðrinu. Þjó því með pabba alla tíð eða alveg þangað til hann varð að fá umönnun síðasta haust. Fyrst á sjúkrahúsinu á Króknum og síðan á Dvalarheimili aldraðra. Þá var minni hans verulega brugðið og hreyfgetan farin að minnka. Lífið hennar hefðu haldið að hann

Síðustu tvö árin hans heima reyndu stundum á. Pabbi var vanur að láta verkin tala og þolinmæði var því ekki hans stærsti kostur. Það var þó mesta furða hvað hann hélt í góða skapið þegar minnið og getan gaf sig, allar sögurnar hans urðu að hálfkveðnum vísnum og andartakið varð óráður tími. Hann gat fengið kvíðaköst eins og eðlilegt er þegar maður veit hvorki stað né stund. Það gat því verið kvíðvænlegt að koma heim úr vinnu. Oftast var K217 fyrir framan bílskúrinn og pabbi í stólnum sínum í stofunni. Stundum leið honum illa og spurði öngur hvar ég væri búinn að vera. En oftast leit hann hlýlega upp þegar hann varð var við mig og sagði: „Ert þetta þú elsku hjartans vinurinn minn.“

Er hægt að hugsa sér hlýrri kveðju?

Takk fyrir allt elsku pabbi.

Óli Arnar Brynjarsson

FERMINGARDAGURINN MINN | klara@nyprent.is

Hugrún Sif Hallgrímsdóttir

„Það voru auðvitað alls konar svindlmiðar hér og þar“

Hugrún Sif Hallgrímsdóttir ólst upp á Blönduósi, en nefnir líka Sólheima í Svinadal og Kringlu í Torfalækjahreppi ef hún þarf að fara aftur í upprunann. Hugrún hefur búið á Skagaströnd í tæp tuttugu ár, er gift, á börn, barnabarn og hund. Hugrún vinnur í Tónlistarskóla Austur-Húnavatnssýslu, í Hólaneskirkju og einnig hér og þar við að flytja tónlist.

Hvar og hvenær fermdist þú? Ég fermdist í Blönduóskirkju 7. maí árið 1995.

Manst þú eftir fermingunni sjálfri og fermingarfræðslunni? Ég man sérstaklega eftir því á fermingardaginn sjálfan að ég var að fara á taugum yfir að gleyma fermingarversinu mínu á ögurstundu. Hvað fermingarfræðsluna sjálfa stendur upp úr að við áttum að læra alls konar sálma og bænir utan af og þylja upphátt fyrir sérann. Það voru auðvitað alls konar svindlmiðar hér og þar því það var ógjörningur fyrir flesta að læra þetta allt utan af og viðurlögin sögðu að við fengjum ekki að fermast ef við stæðumst ekki prófið. Ég held nú að þeim viðurlögum hafi að sjálfsögðu aldrei verið beitt þó árangurinn væri ekki alltaf glæsilegur.

Hvernig var fermingardressið og hárgreiðslan? Ég



Hugrún og Heimir bróðir hennar í fermingarmyndatökunni hennar. MYND AÐSEND

var í svörtum mjög stuttum kjól, háum stígvélum. Hárið lá niður á axlir og svo var snúið upp á fullt af hárlökkum og þeir festir aftur í hnakka.

Hvar var fermingarveislan haldin? Veislan var haldin í Flóðvangi í Vatnsdal.

Hvað bauðst þú upp á í fermingarveislunni? Ég man það alls ekki en mömmu finnst eins og það hafi verið matur og kökur.

Hver var heitasta gjöfin á þeim tíma? Heitasta gjöfin á þeim tíma voru örugglega græjur.

Hver er eftirminnlegasta gjöfin? Ég man nokkrum gjöfum eins og krossum um hálsinn, Biblíunni, orðabók, hillusamstæðu, rúmi og græjum en þó að engin standi sérstaklega upp úr fylgdi búta-saumsteppi eftir Ingunni Gísladóttur mér sennilega hvað lengst. Ef ég man rétt gaf saumaklúbburinn hennar mömmu mér það og kodda með.

Hvað stóð upp úr á fermingardaginn sjálfan? Ég man að það voru allir mjög spennir yfir íslenska landsliðinu í handbolta sem sigraði heimsmeistaramótið í B-deild á þeim tíma.

Ef þú værir að fermast í dag, hvernig dress yrði fyrir valinu og hver væri óska gjöfin? Ég yrði mjög sennilega í litríkari kjól og talsvert síðari. Óska gjöfin væri að hafa sem mest af fólkinu mínu að fagna deginum með mér.



Skagfirskir gæðaostar

Goðdalir eru heitið á gæðaostunum Feyki, eldri bróður hans Feyki 24+, Gretti, Reyki og Vesturós. Hver um sig kinkar kalli til Skagaþjáðar á sinn einstaka hátt.



Mjólkursamlag KS

Skagfirðingabraut 51 Sauðárkrúki Sími 455 4600 www.ks.is

Matarbloggarinn Linda Ben

Plataði vinkonur sínar með sér heim til að baka eitthvað eftir skóla

Það kannast eflaust margir við viðmælanda í matarbloggsþætti Feykis að þessu sinni því síðastliðin ár hefur hún notið mikilla vinsælda sem uppskriftahönnuður og matgæðingur. Það er Linda Benediktsdóttir sem ætlar að deila með okkur nokkrum fermingartengdum uppskriftum í ár en hún er ekki bara snillingur í eldhúsinu, hvort sem það er að elda eða baka, heldur er hún einnig með gott auga fyrir því að taka fallegar myndir af öllu sem hún galdrar fram í eldhúsinu.

UMSJÓN Sigríður Garðardóttir

Linda Ben er upphaflega frá Hveragerði og átti heima þar þar til hún var að verða sex ára. Lengstan tíma átti hún heima í Grafarvogi eða frá 8 ára til 18 ára aldurs. Núna býr hún í Mosfellsbænum og hefur verið þar í 13 ár og líður ótrúlega vel þar. Linda er menntuð sem líf-efnafræðingur, er tveggja barna móðir, á ellefu ára gamlan strák

og fimm ára stelpu. Í dag er helsta verkefnið hennar heimasíðan, lindaben.is, þar sem hún setur inn allar nýjustu uppskriftirnar með fallegu myndunum sem hún tekur.

Hvenær opnaðir þú heimasíðuna lindaben.is? Þegar ég var í fæðingarorlofi með eldra barnið mitt árið 2013/2014 þá fór ég að prufa mig áfram í eldhúsinu og ég fann að það veitti mér innri gleði. Fólk fór

að taka eftir myndunum mínum og uppskriftirnar sem ég var að deila urðu vinsælar. Ég tók því ákvörðun, árið 2016, að opna mína eigin síðu því þá fengu uppskriftirnar og myndirnar mínar loksins að njóta sín til fulls. Þegar boltinn fór svo að rúlla fyrir alvöru tók ég aðra stóra ákvörðun en það var að hætta í vinnunni sem ég var í á þeim tíma og fara á fullt við að vinna við vefinn minn sem uppskriftahöfundur, þetta var árið 2017. Þannig að boltinn rúllaði hratt á stuttum tíma og það getur verið mjög krefjandi að vinna sjálfstætt í sínu eigin vörumerki, maður fær t.d. aldrei frí, en það er rosalega gefandi og skemmtilegt.

Hvenær kviknaði áhuginn fyrir matargerð eða er hann meðfæddur? Ég er alin upp í eldhúsinu og hef alltaf haft mikinn áhuga á matargerð og bakstri. Mamma mín er afbrigðis kokkur og er ég alin upp við heimagerða máltíð á hverju einasta kvöldi. Amma mín rak sveitabæ í Ölfusinu þar sem hún eldaði hádegismat

fyrir alla sem störfuðu á bænum og elskaði ég að fá að hjálpa henni í eldhúsinu sem barn. Þegar ég var unglingur plataði ég íðullega vinkonur mínar heim eftir skóla til að fara að baka eitthvað. Þegar ég fór í menntaskóla starfaði ég á sam-býli fyrir einhverfa og var það yfirleitt ég sem eldaði kvöldmatinn fyrir alla á sambýlinu, bæði vistmenn og annað starfsfólk.

Með hvaða fyrirtækjum hefur þú unnið? Ég hef unnið með mörgum af stærstu fyrirtækjum landsins. Flestum samstarfsaðilum mínum hef ég unnið með í mörg ár og sumum alveg frá stofnun síðunnar minnar lindaben.is. Þar má til dæmis nefna Örnú Mjólkurvörur, Núi Siríus, SS, ÓJ&K-ÍSAM, Innnes, N1 og fleiri fyrirtæki.

Hver eru uppáhalds verkin í eldhúsinu? Að elda eitthvað nýtt, ég vil helst vera að þróa eitthvað áfram.

Hvert er uppáhalds tólið þitt í eldhúsinu? Úff, það er erfitt að nefna bara eitt. Það sem kemur upp í hugann er góður hnífur, skurðarbretti, steypu-járnspanna, hrærivél og bakar-ofn.

Ég sé að þú hefur gefið út matreiðslubók, er önnur í bígerð? Já, ég hef gefið út kökubók, það er aldrei að vita nema önnur líti dagsins ljós einhverntímamann.

Fyrir þá sem ekki þekkja til gaf Linda út sína fyrstu bók, *Kökur*, árið 2020 sem sló

rækilega í gegn en þar leiðir hún lesendum inn í heim sinnar helstu ástríðu. Bókin hefur að geyma fjölda uppskrifta að dýrindis kökum, eftirréttum og bakkelsi fyrir öll tilefni. Þá má einnig finna ýmis vel varðveitt leyndarmál úr eldhúsi fjölskyldunnar og gagnleg ráð fyrir bakstur og veisluhöld. Bókin er seld á heimasíðunni www.forlagid.is og kostar 5.990 kr.

Hvað með þinn fermingardag, er hann minnisstæður, hvað var boðið upp á? Já, hann er nokkuð minnisstæður. Ég fermdist í Grafarvogskirkju en ég var ótrúlega ánægð með kjólinn sem ég fermdist í. Hann var beige litaður, aðsníðinn og mjög plain. Það er mjög myndið að skoða myndir af kjólnum í dag en hann er ennþá mikið í mínum stíl og gæti ég notað hann í dag án þess að neinum myndi detta í hug að þetta væri fermingarkjóllinn minn. Því miður er ég búin að týna honum, annars myndi ég örugglega nota hann.

Það kom kokkur sem eldaði ofan í gesti lambalæri og hamborgarhrygg í aðalrétt með öllu tilheyrandi. Mamma mín bakaði alveg heilan helling og gerði það allt sjálf sem var svo boðið upp á í eftirrétt. Það var til dæmis hvít marsípanterta, með hvítum botni, hindberjasultu og rjóma. Svo var fjöldinn allur af brauðréttum og tertum. Til dæmis risastór marengsterta.

Það sem er svo eftirminnilegast er að vinur pabba spilaði fyrir mig frumsamið lag sem var ótrúlega skemmtilegt.

Feykir stóðst ekki mátið og valdi tvær góðar uppskriftir eftir Lindu til að deila með lesendum.



Rice krispies súkkulaði kransakaka

900 g Sírius suðusúkkulaði (+50 g)
220 g smjör
600 g síróp (í grænu dollunum)
500 g Rice krispies



Aðferð: Gott er að byrja á því að taka til í frystinum og vera viss um að það sé nóg pláss til að geta lagt öll kransakökuformin slétt inn í frystinn. Setjið 145g smjör og 400g síróp í pott og hitið rólega þar til smjórið hefur bráðnað saman við, slökkvið undir pottinum. Setjið þá 600g suðusúkkulaði út í pottinn og hrærið saman við þar til súkkulaðið hefur bráðnað. Setjið 330g Rice krispies í skál og hellið súkkulaðiþlöndunni út í skálina, veltið öllu saman þar til súkkulaðið hefur hjúpað Rice krispiesið. Leggið plastfilmu yfir öll kransakökuformin. Setjið Rice krispies blönduna á ysta hring og innsta hring formsins. Mér finnst best að fara í einnota hanska hér og skipta blöndunni nokkuð gróflega á milli allra hringanna. Þegar ég er búin að skipta blöndunni u.þ.b. rétt á milli þá byrja ég að gera hringina fallega. Pressa þá blöndunni niður í hringina og mynda nokkuð fallega og kúfaða hringi. Stundum þarf ég að taka af einum hring sem er með of miklu efni og færa yfir á annan hring sem er ekki með eins mikið efni til að ná þeim öllum álíka þykkum. Þegar ég hef gert þá alla jafn þykka, legg ég smjörpappír yfir og pressa þá létt með skurðabretti til að þeir séu allir jafn sléttir. Passið bara að fara varlega því við viljum ekki klessa þá um of niður. Setjið svo formin strax í frysti. Á meðan hringirnir eru að kólna gerum við blönduna fyrir miðju hringina. Gerið þá skref nr. 2 og 3 aftur nema setjið núna 75g smjör, 200g síróp, 300g súkkulaði og 170g Rice Krispies. Takið tilbúna frosnu kransakökuringina af formunum og geymið í frysti án formanna. Ég er með frystikistu heima og mér finnst gott að setja alla hringina á smjörpappírsklædda ofnskúffu og raða hringunum á hana með smjörpappír á milli hvers hring. Svo set ég plastfilmu yfir. Klæðið aftur kransakökuförmin með plastfilmu og gerið núna

miðju hringina eins og í skrefi 4. Geymið í frysti þar til þið eruð tilbúin að setja kökuna saman. Takið hringina alla úr frysti og raðið í stærðarröð á borð. Bræðið örlítið suðusúkkulaði og setjið á kökudisk undir stærsta hringinn svo hann festist á kökudiskinn. Setjið svo örlítið brætt súkkulaði á stærsta hringinn og næsta stærsta ofan á hann, endurtakið svo þar til öllum hringjunum hefur verið stafað saman í stærðarröð frá þeim stærsta og minnsti efst. Passið að taka eitt skref reglulega frá á meðan þið eruð að stafna turninn til að sjá hvort hann sé ekki alveg örugglega beinn frá öllum hliðum. Skreytið kransakökuna eins og ykkur þykir fallett. Ég skreytti mína með þurrkuðum ananassneiðum.

Marengstertukrans

með smá Nóa kroppi og myntusúkkulaðisósu

4 eggjahvítur
¼ tsk cream of tartar
¼ tsk salt
60 g púðursykur
200 g sykur
500 ml rjómi – notað á tveimur stöðum
í uppskriftinni, skipt í 400 ml og 100 ml
150 g smá Nóa kropp

Aðferð: Kveikið á ofninum og stillið á 140°C og undir+yfir hita. Setjið eggjahvítur í tanderhreina skál ásamt cream of tartar og salti, þeytið þar til byrjar að freyða. Bætið þá púðursykrinum og sykrunum saman við rólega og þeytið þar til eggjahvíturnar ná alveg stífum toppum. Teiknið 30 cm hringi á smjörpappír og snúið við smjörpappírnum svo pennastrikið snúi niður. Setjið marengsdeigið í sprautupoka með stórum opnum stjörnu-stút. Sprautið nokkra hringi á pennastrikið svo myndist krans. Bakið í 50 mín. og slökkvið þá á ofninum en ekki taka botnana úr ofninum fyrr en þeir eru orðnir alveg kaldir. Hægt er að gera botninn með allt að viku fyrirvara. Setjið myntusúkkulaðið í pott og bræðið með 1 dl rjóma, leyfið blöndunni að kólna. Þeytið rjómann, setjið 1 msk. af rjóma á kökudiskinn undir marengsinn svo að hann haldist betur á sínum stað á diskunum. Bætið smá Nóa kroppinu út í og blandið saman með sleikju. Setjið rjómann ofan á marengsinn, dreifið kældri súkkulaðisósunni yfir rjómann. Skreytið með granateplakjörnum og rósarín.



Við óskum
FERINGARBÖRNUM
til hamingju með daginn

Dögun

FASTEIGNASALA
Sauðárkróks

KVH

Grettistak
VEITINGAR

ÁRSKÓLI SAUÐÁRKRÓKS
LIFA LEIKA LARA

SBA | **LÖGMANNSSTOFA**

HÚNAÞING
VESTRA

RARIK

ÍSLENSKA
GÁMAFÉLAGIÐ

BYGGÐASTOFNUN

Tení
RESTAURANT • CAFÉ

KJÖRBÚÐIN

Vilko

HVAÐ SKAL GEFA FERMINGARBÖRNUNUM? | klara@nyprent.is

Gjafahugmyndir fyrir unglingana...

Hvað ættir þú að gefa fermingarborninu í fermingargjöf? Stóra spurningin þegar okkur er boðið í fermingu á hverju ári og stundum í margar veislur. Það er alltaf gaman ef maður lendir á góðri hugmynd að gjöf sem maður veit að mun hitta í mark, en ef þú finnur ekkert, við vitum öll að peningur í umslagi er alltaf eitthvað sem nýtist vel í framtíðinni fyrir unga fólkið okkar.

Hér settum við saman eitthvað af hugmyndum að gjöfum til að gefa fermingarbornunum og voru þessir hlutir ofarlega á gjafalistanum hjá þeim eftir vafr á veraldarvefnum og kannski finnið þið eitthvað sem gæti hitt í mark hjá fermingarborninu sem þið ætlið að gleðjast með.



Jújú, þú sérð rétt, stafrænu myndavélarnar eru aftur mættar.



Skart, aldrei nóg af skarti, krakkar mínir.



Vegleg sæng og koddur er nú eitthvað sem er notað á hverjum degi hjá unga fólkinu sem er stundum síþreytt að vaxa og dafna.



Góð rakvél fyrir hárið eða hýunginn.



Polo Ralph Lauren klæðnaðurinn hefur verið gríðar vinsæll upp á síðkastið.



Þessi eru svakaleg fyrir þá sem elska snjóinn.



Vekjaraklukkan er víst alveg enn notaðar.




Sléttujárn til að hafa allt rennislétt.




Illmur fyrir skvisurnar.



Illmur fyrir gæjana.



Vantar ekki öllum alltaf nýjasta iPhone-inn?



Kenzenfötin hafa vakið mikla ánægju hjá unga fólkinu.




Spegill með ljósi til að sjæna sig.



Adidas Campus, sjúklega þægilegir skór á alla.



Góð tónlist í góðum heyrnatólum.



AirPods eru líka vinsæl.

AÐSENT | Frá Kór Möðruvallaklausturskirkju

Kirkjurkórar syngja ekki bara Ave María og þrjóna á milli messa

Kór Möðruvallaklausturskirkju í Hörgárdal er skipaður kraftmiklu fólki sem kallar ekki allt ömmu sína og stjórnandi þessa galvaska og síkátta hóps, Sigrún Magna Þórsteinsdóttir, vilar fátt ef nokkuð fyrir sér. Það er því oftast en ekki í þessu samstarfi að ýmsum hugmyndum er hrundið í framkvæmd. Fyrir ekki svo löngu kviknaði hugmynd um að syngja í kirkjum Skagafjarðar og úr varð heljarinnar verkefni - Sálmafoss í Skagafirði.

Einn íslenskur sálmur eða sönglag var tekið upp í hverri kirkju, bæði hljóð og mynd og unnið stutt tónlistarmyndband með myndum af viðkomandi kirkju og umhverfi hennar. Hvert lag var valið sérstaklega með tilliti til hverrar kirkju, hvort þar er hljóðfæri eða ekki, hversu stór hún er, hvernig hljóðvistin er o.s.frv. Lögin og sálmarnir sem valin voru til flutnings eru mjög fjölbreytt. Þau eru samin á mismunandi öldum af bæði konum og körlum, sum þekkt en önnur glæný, sum samin sérstaklega fyrir þennan kór en önnur fyrir annað tilefni.

Skagfirðingar eru ríkir af kirkjum og kílómetrum og því ekki ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur en kirkjurnar í héraðinu eru yfir 20. Verkefnið tók eina helgi frá kl. 9:00 á laugardagsmorgni til 20:30 á sunnudagskvöldi. Ekki náðust allar kirkjurnar í þessu maraþoni – söngfólk þarf jú að nærast, sofa og skemmta sér til að viðhalda sönggleði og jákvæðni sem er skyldubundinn staðalbúnaður í söngferðum. Því var kirkjum sem liggja lengst frá meginálfum og þeim sem rúma ekki hópinn sleppt.

16 kirkjur undir

Úr varð að undirbúinn var söngur í 16 kirkjum, æfðir jafn margir sálmur og haft samband við staðarhaldara á hverjum stað. Svona stórvíðburð verður að skrásetja, því voru ráðnir þeir Björgvin myndatökumaður og Trausti hljóðmaður, valdir sérstakir undanfarar til



Kórfélagar vel klæddir fyrir framan Sjávarborgarkirkju. MYNDIR AÐSENDAR

að hreinsa flugur úr gluggum og búa í haginn fyrir kórinn og eins og öllum betri listrænum hópum sémir voru hafðar með búningatöskur.

Að morgni 22. mars safnaðist hópurnar saman í rútu við Löngumýri en þar var bækistöð í Skagafjarðardvölinni. Ekið var sem leið lá í Goðdali þar sem stjórnandi, upptökuteymið og

undanfarar voru klár, kórnum var stillt upp eftir kúnstarinnar reglum og innan skamms fylltist kirkjan af söng. Að upptöku lokinni voru hafðar hraðar hendur við frágang og nefinu snúið norður, að Mæli-felli, Reykjum og Viðimýri. Sungið var vestan Vatna á laugardeginum og endað á Sjávarborg. Atburðarás í kirkju-

unum var keimlík og slípaðist fljótt, Sigrún Magna stillti kórnum upp og sýndi ótrúlega útsjónasemi enda rýmisgreind hennar með afgangnum góð – það er ekki á hvers manns færi að koma tæplega 40 manna kór fyrir í Viðimýrarkirkju. Með átta kirkjur að baki voru allir tilbúnir í hátíðarkvöldverð og kvöldvöku á Löngumýri, þar



Hópurinn búinn að koma sér vel fyrir í einni af kirkjum Skagafjarðar.

sem Gunnar staðarhaldari kynnti starfsemi og fór með gamanmál og hljómsveit skipuð kórfélagum lék undir fjölda-söng.

Höfðinglegar móttökur á Hólum

Þrátt fyrir slydduhraglanda vöknunni allir í sólskinsskapi á sunnudag. Klukkan 9:00 var haldið að Miklabæ og í rekjunni var vel við hæfi að syngja „Andi þinn er sem úðaregnið“, en einhverjir vildu nú meina að nafnið gæti vísað til manneskju að hnerra... þaðan lá leiðin norður, austan Vatna, í Flugumýri, Hofstaði, Hóla, Viðvík, Hofsóss og Hof. Síðasti viðkomustaður var Rípurkirkja í Hegranesi.

Heima á Hólum buðu Gísli vígslubiskup og frú Þuríður hópnum í súpu og meðlæti, það vaðdist ekki fyrir þeim hjónum að taka á móti tæplega 50 manns og þökkum við höfðinglegar móttökur.

Kirkjur landsins nýttast ekki einungis til lesturs guðsorða. Þær eru tónlistarhús, menningararfleifð, samkomuhús og söguheimild sveitarinnar. Í kringum þær hvílir fólkíð sem þær byggði og þær sóttu, fólkíð sem myndaði samfélagið. Þar bíður okkar sem myndum nútímasamfélagið pláss og við viljum hafa fallegar, lifandi kirkjur í hverri sveit. Hver og ein hefur sérstöðu, einstaka gripi með sögu, handsmíðaðar innréttingar og lykt sem hvergi annarsstaðar finnst og fólk tengist sinni kirkju mjög oft sterkum tilfinningaböndum.

Eftir góða helgi í kirkjum Skagafjarðar var andinn vel nærður og eins og vera ber var raddböndum haldið volgum með spjalli og léttum söng milli atriða. Það var þreyttur en glaður hópur sem hélt heim í Eyjafjörðinn undir kvöld á sunnudegi, að baki tvö góð og rifleg dagsverk í Skagafirði.

Framundan eru ýmis söngtækifæri en við erum spenntust fyrir vortónleikum kórsins - Sjúamst á Möðruvöllum í Hörgárdal 1. maí!

Fyrir hönd kórsins: Bryndís Fanný, Erla og Sigrún Magna

Finnst ekki gaman að gera eins og allir hinir

Sigrún Helga Indriðadóttir á Stórhóli í Lýtingsstaðahreppi hinum forna, konan á bak við Rúnalist, móðir fimm barna, amma þriggja, bóndi, handlagin, listakona sem hleypti heimdraganum og fór í framhaldsskóla FVA á Akranesi og síðan í Garðyrkjuskóla ríkisins á Reykjum í Ölfusi. Hún hefur í gegnum tíðina unnið við ýmislegt, garðyrkju, malbikun, fiskvinnslu, í mötuneyti, á hóteli, við kennslu, landbúnaðarstörf, eigin matvælaframleiðslu og sinnt barnauppleði.

VIÐTAL
Gunnhildur Gísladóttir

Sigrún er dóttir Indriða Stefánssonar frá Gilhaga og Svandísar Lilju Marinósdóttur frá Álfgersvöllum. Hún er alin upp í Lýtingsstaðahreppi hinum forna, bjó í Gilhaga með foreldrum sínum þegar hún fæddist, flutti svo í Sveinsstaði í nokkur ár og síðan í Álfgersvelli þar sem hún bjó þar til hún flutti að heiman. Sigrún er gift Þórarni Guðna Sverris-syni og eiga þau fimm börn, tvö tengdabörn og þrjú barnabörn. Feykir hafði samband við Sigrúnu sem hefur nóg að gera á þessum árstíma í kringum fermingar þar sem hún hefur tekið að sér að mála kerti, gestabækur og kökur fyrir alls konar tilefni þar á meðal fermingar.

Hvað er í deiglunni? „Í byrjun apríl koma fyrstu hóparnir, fermingar-undirbúningur fyrir fólk, skreytingar á kerti, gestabækur og kökur. En laugardaginn 26. apríl, á degi Jarðar, verður boðið upp á Diskósúpu í Hlöðunni á Stórhóli, auðvitað frítt, en við erum að hanna þennan viðburð í samstarfi við Slow food Reykjavík, til að vekja athygli á matarsóun.“

Segðu mér frá Hlöðinni. „Árið 2023 hélt Beint frá Býli upp á 15 ára afmæli og af því tilefni var efnt til bænda-markaða í hverjum landshluta. Mér var boðið að vera gestgjafi á Norðurlandi vestra, sem ég þáði og nýtti tækifærið til að skófla innréttungum út úr Hlöðunni sem áður hafði hýst kindurnar okkar. Haustið 2022 sameinuðum við Sverrir, elsti sonur minn, hjarðirnar okkar og



Sigrún að hefjast handa við að mála risastóra tertu. Verslunin Rúnalist á Stórhóli er opin alla daga yfir sumartímann en annars eftir samkomulagi. „Best er að hringja á undan sér,“ segir Sigrún. MYNDIR AÐSENDAR

mínar kindur fóru til hans. Svo það var mokað, skafið, smúlað, púlað og teppalagt. Það voru 12 aðilar í Beint frá Býli af Norðurlandi vestra sem komu og kynntu og seldu vörur sínar þennan dag og við fengum 400-500 gesti, frábær dagur. Þetta var byrjunin en svo hefur þetta verið að vinda upp á sig, jólamarkaðir og í fyrrasumar hélt ég upp á útskriftir og afmæli tveggja sona minna í Hlöðunni. Svo nýti ég plássíð til að kynna mig og mitt fyrir hópum.“

Rúnalist Gallerí. „Til að gera langa sögu stutta þá vorum við búin að sprengja utan af okkur húsnaðið og þegar fimmta barnið bættist við keyptum við þrjú stóra gáma og gerðum að vinnustofu, herbergjum og smá sölu-aðstöðu. Ég flutti inn í það 2014 og það var æðislegt, pláss fyrir alla. En svo þegar ungarnir fljúga úr hreiðrinu þá legg ég plássíð undir mig,“ segir Sigrún og hlær. „Búðin hefur gott pláss með aðgengi fyrir alla. Auk þess að selja



Lokaútkoman eftir margra tíma vinnu.

mínar vörur, matar-, list- og nytjahandverk er ég með matvörur frá fjölmörgum smáframleiðendum alls staðar að af landinu en mest af Norðurlandi.“

Talið berst að búskapnum. „Við höfum haldið geitur frá 2012 og nýtt þeirra afurðir bæði kjöt, fiðu, horn og bein. Kjötið tek ég beint af sláturhúsinu og vinn í Vörusmiðju Biopol á Skagaströnd. Fiðuna („ullin“ af geitunum) kembi ég og sendi til spuna í Uppspuna smáspunaverksmiðju, ásamt ull af kindunum okkar. Ullina tek ég svo og lita eða set í garnpakka með uppskriftum sem ég hanna. Ég hef einnig verið að vinna vörur úr ærkjöti s.s. Ærgæti, Smalabita og Heldrimannabita, og selja lambakjöt mest í heilum skrokkum. Ég gerði mikið af því að fara á markaði til að selja vörurnar, en núna einbeiti ég mér að því að fá gestina til mín í Rúnalist Gallerí.“

Þið eruð líka stór fjölskylda hvernig gengur að halda svona mörgum boltum á lofti í gegn um tíðina? „Já börnin eru fimm og eiginmaðurinn ekki alltaf heima,“ segir Sigrún og brosir. „En þegar ég lít til baka hefur þetta ekki verið neitt mál. Næturnar voru þó oft stuttar í báða enda og heimilið í notkun, verkstöðvar í hverju herbergi og öll finvinna eins og skreytingar unnar í næturvinnu.“

Hvaðan kemur áhuginn og er listin í blóðinu? „Ég hef alltaf haft áhuga á handavinnu sem hefur svo leiðst út í meiri sköpun, því mér finnst ekki gaman að gera eins og allir hinir. Það stendur að mér hagleiksfolk í báðar ættir og móðir mín var sérstaklega handlagin og úrræðagóð við allt mögulegt. Hjá henni var ekkert ómögulegt bara spurning um að finna réttu leiðina, þú gast allt sem þú ætlaðir þér.“

Erfist þetta í börnin? „Já, þau eru öll handlagin og úrræðagóð þó eðlilega liggja styrkleikar þeirra á mismunandi sviðum. Sá elsti er bóndi og slátrari, næsti er að taka master í íþrótt og heilsufræði, þriðja vinnur í matvælaframleiðslu og hannar vörur í búðina, fjórði er með sveinspróf í húsasmíði og fimmta er starfsmaður í þjálfun og stendur vaktina með mér í búðinni en hún fermist í sumar.“

Hvernig kom það til að þú fórst að mála á kökur við hin ýmsu tilefni? „Ég held að fyrsta kakan sem ég skreytti hafi verið skírnartertan hans Sverris elsta sonar míns. Fyrsta kakan sem ég



Sigrún með barnabörnin sín þrjú, þau Kamillu Sigrúnu, Brimi Loga og Jón Kristján.

málaði á var gerð af tilefni 10 ára afmælis alþýðulistar. Mér finnst þetta gaman, fæ útrás fyrir sköpunarþörfina, hef svo sem stundum hugsað, æ ég ætti bara að hætta þessu, ég fái ekki það sem ég þyrfti fyrir alla þessa vinnu. En það fara einhverjir klukkutímar í að skreyta hverja köku, hef í rauninni ekki tekið það saman, en það er meira en hálfur dagur, 6-8 tímar eða meira eftir myndum og hve kakan er stór.“

Blaðamaður stóðst ekki mátið að spyrja Sigrúnu hvort það væri ekkert erfitt að eyða öllum þessum tíma í að búa til svona listaverk á köku sem er svo bara borðið? „Nei mér finnst það ekki erfitt, lít meira á þetta sem æfingarferli og svo er óskaplega gaman að gleðja fólk, búa til eitthvað einstakt handa því. Ég reyni líka að taka myndir af öllu sem ég geri.“

Þú ert líka að gera gestabækur og kerti? „Já, ég byrjaði á að mála á fermingarkerti barnanna minna og svo vatt þetta bara upp á sig. Gestabækur

urnar líka en börnin mín hafa reyndar öll fengið útskornar og handsaumaðar leðurgestabækur.“

Hvernig er venjulegur dagur í lífi þínu? Sigrún svara þessari spurningu með spurningunni hvað er venjulegur dagur og brosir en reyndi þó að segja blaðamanni frá degi í lífi, „fer oftast á fætur milli 6 og 7 og set út hundana. Svo fer það eftir árstíma, núna er næsta verk að kíkja í geitahús og athuga með geitburð og þá kiðlinga sem komnir eru og gefa. Nærast einhvern tímann fyrir hádegi og gera/koma af stað eitthvað af þessum ósýnilegu heimilisverkum eins og þvottavélum. Vera til staðar í Rúnalist Gallerí ásamt því að vinna handverk til að hafa í sölu í búðinni eða vinna pantanir. Sinna þrifum í búðinni eftir þörfum. Ef það er gott veður sinni ég margvíslegum útverkum. Dagarnir eru sjaldnast eins og stundum koma ömmustubbar í heimsókn. Það er aldrei verkefnaþurrð en ég er að reyna að vinna ekki langt fram á kvöld, sem tekst stundum.“



Fermingarkerti sem Sigrún hefur málað.




Fermingarterta sem Sigrún hefur málað.

Hvað er skemmtilegast að gera og hvað er erfðast í handverkinu? „Mér finnst skemmtilegast að skapa og búa til eitthvað nýtt og fá endalausar hugmyndir. Þó er fátt sem toppar það að sitja með barnabörnunum í geitahúsi innan um forvitin kiðlingakrútt.“

Stundum er erfitt að vinna mikið einn þó það hafi líka kosti. Mér finnst erfitt að koma ýmsum hlutum ekki hraðar í verk,“ segir Sigrún að lokum.

Feykir þakkar Sigrúnu fyrir spjallið.



Sýnishorn af verkum Sigrúnar.



Hér er Sigrún að bæta seinna nafninu á skírmarköku Kamillu þar sem hún fékk nöfnu og vissi það ekki fyrir en nafnið var sagt í kirkjunni.

Ertu að fara í fermingu?

Þjónusta, verslun, starfsemi og störf í okkar heimabyggð eru samfélaginu mikilvæg.

Eflum okkar svæði og verslun fermingargjafirnar heima.

Verum snjöll
verslun heima



Verðlaunakrossgátan

PRENN NAMMIVERÐLAUN verða veitt fyrir rétta lausn á krossgátunni. Lausnin felst í tölustöfunum frá 1 og upp í 17 og skal senda hana á netfangið feykir@feykir.is eða til Feykis, Hesteyri 2, 550 Sauðárkróki, fyrir miðnætti miðvikudaginn 23. apríl.

Gangi ykkur vell!

Lausn gátu í tbl. 13: Hvað skyldi þessi spekúlera?

		VÍST	BER BRIGD UR Á NILL	HARMAD FYRSTI MÖRIR HLAND	INNAN FREYDM HEITI	SAM HLJÓ. VONDI	SKERPP INNAN FITA	'ATT	KVAKAD (ÖFUGT) KRYDD	FRA	TIL (ÖFUGT) AUG-LÝSA	
	=>			6		=>			13			4
BRÖDD NORÐ-ARI								MILKUM MÆLI TÆTA				
		BLANDI TRAUSTR								KALÍUMI STARF SI		11
QOMI	11	STÖR-FLJÓTI KVAKA	PLAST-SEKKUR	HIMN-ESKARA (ÖFUGT) HZAKU	9							
FALDUR Á FLÍK YFIR-BORÐI			3								16	FREK-ARI
HJARI						EDIR SYL SAMALÍ ATLALA		5			LÍK EKKI (ÖFUGT) SÍBASTUR	
BLÁSP MEGIN HLUTI												
FLAN MÁLMÍ			7						HVÍLI			
EINNA		BOLA VAFELLUR								3EINS DÖÐ-RANTUR		10
SARA-BÖT	12			DREITILL LÁTARÞI		14			FENG	UPP-HRÖPUN DUFF (A.L.H.)	STUNGA IL	
KEYR MJÖGG FLJÓTI					1		SKRILS 'ASAKA	2				NÓTA SNEMMA
MJAKA	11					MANNS-NAFNS TONNI				RISS		
MESSI ASI					17		FRSD-SEMI-S TAKNI Æ P			15		

KROSSGÁTUSMÍÐUR Páll Friðriksson

[ÉG FERMIST] [sigggag@nyprent.is](mailto:siggag@nyprent.is)

Álfhildur Þórey Heiðarsdóttir frá Bæ í Húnaþingi vestra

Langar að útbúa krossgátu um sjálfa sig fyrir gestina

Álfhildur Þórey Heiðarsdóttir býr á Bæ 1 í Húnaþingi vestra. Álfhildur fermist þann 15. júní í Prestbakkakirkju og mun sr. Magnús Magnússon sjá um ferminguna. Foreldrar hennar eru Sigrún Eggertsdóttir Waage og Heiðar Þór Gunnarsson.

Hvernig hefur fermingarundirbúningnum verið háttað? Við fórum í nokkrar messur, fórum í fermingarferðalag í haust í Vatnaskóg. Höfum haft tvisvar sinnum í vetur fermingarfræðsluhelgi og gistum í safnaðarheimilinu á Hvammstanga. Eigum eftir að kaupa skraut og servíettur fyrir veisluna en allt annað er klárt held ég.

Hvar verður veislan haldin? Veislan verður haldin á Borðeyri og um 100 manns er boðið.

Er búið að ákveða hvað verður á matsæðlinum?



Nokkurn veginn, ætla að hafa lambalæri, sósu og salat og svo einhverjar kökur á eftir.

Er búið að ákveða fermingarfötin? Já, ég verð í hvítum kjól en eigum eftir að kaupa skó.

Hvað er á topp 3 listanum sem þú óskar þér í fermingargjöf? Snyrtiborð, sími og ferð til útlanda.

Ef þú mættir bjóða einhverjum frægum/þekktum einstaklingi í veisluna þína hver yrði fyrir valinu og af hverju? Ég myndi vilja bjóða Ellen Pompeo, hún er leikari í Bandaríkjunum, eða Bubba Morthens, mér finnst hann æðislegur söngvari.

Hefur þú farið í margar fermingarveislur og var eitthvað í þeirri veislu sem þér fannst vera skemmtilegt og þig langar til að gera í þinni veislu líka? Já, mig langar að hafa Kahoot eða krossgátu um mig fyrir gestina.

Egill Rúnar Benediktsson á Sauðárkróki

Er að safna pening til að kaupa matarvagn

Egill Rúnar Benediktsson verður fermdur í Sauðárkróskirkju þann 13. apríl af sr. Sigríði Gunnarsdóttur. Foreldrar Egils Rúnars eru Ásbjörg Ýr Einarsdóttir (Obba á Wanitu) og Benedik Rúnar Egilsson.

Hvernig hefur fermingarundirbúningnum verið háttað? Hann hefur gengið vel, við erum búin að panta sal og plana skreytingarnar. Það verður svart/silfur og grænt þema. Ég er búinn að læra trúarjátninguna utan af og mæta í messur. Við þurfum að fara í átta messur í heild áður en við fermumst. Fórum í fermingarbúðir í viku á Vatnaskóg sem var mjög skemmtilegt. Kynntist fullt af krökkum á Norðurlandi sem er að fara að fermast líka.

Hvar verður veislan haldin? Veislan verður haldin í Oddfellow húsinu á Víðigrundinni á Króknum og þar sem salurinn tekur bara 80 manns í sæti þurfum við að skipta upp veislunni í tvo hópa. Það er um 160 manns boðið, á stóra fjölskyldu og fullt af vinum.

Er búið að ákveða hvað verður á matseðlinum? Já að sjálfsgöðu... við verðum með kjúklingaleggi, fermingarfranskar, hamborgarhygg, brúnaðar kartöflur, sykurlúdasalat (fjölskyldusalatið) og ekki má gleyma kökunum.

Er búið að ákveða fermingarfötin? Já ég verð í jakkafötum úr Jack and Jones og þau eru dökk blá.

Hvað er á topp 3 listanum sem þú óskar þér í fermingargjöf? Langar mest í snjósleða svo langar mig í nýjan síma og jakka frá 66° norður sem heitir Snæfell. Er samt nokkuð viss um að



ég fái eitthvað af pening sem er líka frábært því draumurinn minn er að safna fyrir matarvagni þar sem ég get selt hamborgara og franskar í framtíðinni.

Ef þú mættir bjóða einhverjum frægum/þekktum einstaklingi í veisluna þína hver yrði fyrir valinu og af hverju? Það yrði LeBron James körfuboltastjarna og það væri nú ekki leiðinlegt að fá Freddy Mercury líka til að taka svona eins og einn slagara í veislunni.

Hefur þú farið í margar fermingarveislur og var eitthvað í þeim veislum sem þér fannst vera skemmtilegt og þig langar til að gera í þinni veislu líka? Ég hef farið í þó nokkuð margar veislur og ég er alltaf jafn hrifinn af nammibörunum sem ég ætla einnig að vera með í minni.

Jón Karl Brynjarsson frá Miðhúsum í Akrahreppi

Myndi bjóða LeBron James í veisluna

Jón Karl Brynjarsson verður fermdur af sr. Höllu Rut Stefánsdóttur þann 24. apríl í Reynistaðarkirkju. Foreldrar Jóns Karls eru Brynjar Sindri Sigurðarson og Guðrún Helga Jónsdóttir í Miðhúsum í Akrahreppi.

Hvernig hefur fermingarundirbúningnum verið háttað? Ég ákvað með foreldrum mínum hvernig við mundum gera þetta. Fyrst pöntuðum við sal, síðan ákváðum við hvað ætti að bjóða upp á og síðan buðum við í veisluna.

Hvar verður veislan haldin, er mörgum boðið? Veislan verður haldin á Löngumýri og það koma um 150 manns.

Er búið að ákveða hvað verður á matseðlinum? Það verður gúllassúpa og kjúklingasúpa með brauði og meðlæti, kökur í eftirmat og nammibar.

Er búið að ákveða fermingarfötin? Svartur flauel smóking, svartir spariskór, slaufa og kórskyrtn hans afa.

Hvað er á topp 3 listanum sem þú óskar þér í fermingargjöf? Ferð með fjölskyldunni til útlanda, krossara og stóran "soundbox" hátalara. Ef þú mættir bjóða einhverjum frægum eða þekktum í veisluna þína, hver yrði fyrir valinu og af hverju? Það mundi vera LeBron James af því að hann er besti körfuboltamaður allra tíma.



Hefur þú farið í margar fermingarveislur sjálfur, var eitthvað í þeirri veislu sem þér fannst skemmtilegt og þig langar til að gera í þinni veislu? Já ég hef farið í nokkrar og mig langar að hafa nammibar.

Við óskum
FERMINGARBÖRNUM
til hamingju með daginn



Húnabyggð

HLÍÐARKAUP



Fermingar 2025

Fermingarbörn á Norðurlandi vestra

Hér birtir Feykir nöfn þeirra barna sem fermast á Norðurlandi vestra. Lesendur eru beðnir að athuga að ekki er víst að listinn sé tæmandi þar sem aðeins eru birt nöfn þeirra barna sem gáfu leyfi fyrir nafnbirtingunni. Feykir sendir fermingarbörnum hamingjuóskir með áfangann!

Fermingar í
Skagafjarðarprestakalli:

Sauðárkróskirkja

Pálmásunnudagur 13. apríl kl. 11
Prestur sr. Sigríður Gunnarsdóttir

Álfrún Anja Jónsdóttir

Laugatúni 15, 550 Sauðárkrókur

Árelía Margrét Grétarsdóttir

Hólmagrund 11, 550 Sauðárkrókur

Árni Heiðar Stefánsson

Barmahlíð 5, 550 Sauðárkrókur

Ásrún Valsdóttir

Áshildarholti, 551 Sauðárkrókur

Egill Rúnar Benediktsson

Birkihlíð 6, 550 Sauðárkrókur

Emilía Rós Ólafardóttir

Víðihlíð 25, 550 Sauðárkrókur

Grétar Freyr Pétursson

Hólavegi 23, 550 Sauðárkrókur

Ísak Hrafn Jóhannsson

Iðutúni 19, 550 Sauðárkrókur

Karen Sif Halldórsdóttir

Laugatúni 7, 550 Sauðárkrókur

Særún Friðbjörnsdóttir

Hólatúni 2, 550 Sauðárkrókur

Tinna Sól Kjartansdóttir

Lerkihlíð 9, 550 Sauðárkrókur

Tómas Andri Gunnarsson

Hólatún 8, 550 Sauðárkrókur

Miklabæjarkirkja

Pálmásunnudagur 13. apríl kl. 13
Prestur sr. Halla Rut Stefánsdóttir

Ingibjörg Agnarsdóttir

Stóru-Akrar II, 561 Varmahlíð

Reynistaðarkirkja

Skírdagur 17. apríl kl. 11
Prestur sr. Halla Rut Stefánsdóttir

Alexander Leó Sigurjónsson

Ljónsstöðum, 551 Sauðárkrókur

Jón Karl Brynjarsson

Miðhús 2, 561 Varmahlíð

Glaumbæjarkirkja

Skírdagur 17. apríl kl. 13
Prestur sr. Halla Rut Stefánsdóttir

Edda Björg Einarsdóttir

Syðra-Skörðugili, 561 Varmahlíð

Ívar Elí Sigurjónsson

Reynimel, 560 Varmahlíð

Sigrún Sóllilja Eypórsdóttir

Sólheimagerði, 561 Varmahlíð

Sauðárkróskirkja

Laugardagur 19. apríl kl. 11
Prestur sr. Sigríður Gunnarsdóttir

Birkir Heiðberg Jónsson

Dalatúni 19, 550 Sauðárkrókur

Björgvin Skúli Hauksson

Hólavegi 34, 550 Sauðárkrókur

Brynja María Baldvinsdóttir

Víðigrund 24, 550 Sauðárkrókur

Dagrún Dröfn Gunnarsdóttir

Freyjugötu 42, 550 Sauðárkrókur

Fanney Mjöll Jónsdóttir

Kjarröldu 4b, 850 Hella

Harpa Sóllilja Guðbergsdóttir

Raftahlíð 16, 550 Sauðárkrókur

Hrafney Lea Árnadóttir

Hólavegur 36, 550 Sauðárkrókur

Júlía Marín Helgadóttir

Ártúni 13, 550 Sauðárkrókur

Kamilla Björk Björgvinsdóttir

Víðihlíð 17, 550 Sauðárkrókur

Savanna Alexis Sanchez

Víðimýri 10, 550 Sauðárkrókur

Sæmundur Ingi Jakobsson

Víðihlíð 1, 550 Sauðárkrókur

Hofsósskirkja

Laugardagur 24. maí kl. 13
Prestur sr. Halla Rut Stefánsdóttir

Guðrún María Ævarsdóttir

Krókeyrarnöf 28, 600 Akureyri

Sauðárkróskirkja

Hvítasunnudagur 8. júní kl. 11
Prestur sr. Sigríður Gunnarsdóttir

Aron Gabríel Samúelsson

Furuhlíð 2, 550 Sauðárkrókur

Guðjón Snævar Hrannarsson

Freyjugata 19, 550 Sauðárkrókur

Pálína Petra Barðdal Magnúsdóttir

Dalatún 14, 550 Sauðárkrókur

Sigmar Þorri Jóhannsson

Jöklatúni 5, 550 Sauðárkróki

Sigurjóna Sóldís Friðriksdóttir

Lerkihlíð 5, 550 Sauðárkrókur

Sigrún Sunna Reynisdóttir

Áshildarholti, 551 Sauðárkrókur

Mælifellskirkja

Laugardagur 7. júní kl. 13
Prestur sr. Halla Rut Stefánsdóttir

Erna María Guðmundsdóttir

Lækjargerði, 561 Varmahlíð

Reykjakirkja

Laugardagur 14. júní kl. 13
Prestur sr. Halla Rut Stefánsdóttir

Bergrún Lauga Þórarinsdóttir

Stórhóli, 561 Varmahlíð

Fermingar í
Húnavatnyprestakalli:

Hólaneskirkja

Hvítasunnudagur 8. júní
Prestur sr. Guðni Þór Ólafsson

Alexandra Dögg Gísladóttir

Hólabraut 28, 545 Skagaströnd

Arney Nadía Hrannarsdóttir,

Suðurvegi 10, 545 Skagaströnd

Aron Logi Svavarsson,

Mánabraut 1, 545 Skagaströnd

Bjarni Bragi Bessason

Oddagötu 5, 545 Skagaströnd

Emilía Rut Friðfinnsdóttir

Suðurvegi 14, 545 Skagaströnd

Lárey Mara Velemir Sigurðardóttir

Ránarbraut 9, 545 Skagaströnd

Sæþór Daði Guðmundsson,

Ránarbraut 5, 545 Skagaströnd

Victor Líndal Magnússon,

Bogabraut 18, 545 Skagaströnd

Bergstaðarkirkja

Laugardagur 14. júní
Prestur sr. Guðni Þór Ólafsson

Egill Máni Björgvinsson

Vopnafirði

Blönduóskirkja

Pálmásunnudagur 13. apríl kl. 13
Prestur sr. Edda Hlíf Hlífarsdóttir

Haukur Eldjárn Gunnarsson

Stefnisvogur 12, 104 Reykjavík

Skírnir Eldjárn Gunnarsson

Stefnisvogur 12, 104 Reykjavík

Ingólfur Geir Ragnarsson Aðils

Bollastöðum, 541 Blönduós

Blönduóskirkja

Laugardagur 26. apríl kl. 13
Prestur sr. Edda Hlíf Hlífarsdóttir

Bjarni Hrafn Bjarnason

Smárabraut 5, 540 Blönduósi

Eyrún Birna Guðmundsdóttir

Urðarbraut 2, 540 Blönduós

Guðjón Þór Hjálmarsson

Hlíðarbraut 3, 540 Blönduós

Hildur Kristín Guðmundsdóttir

Sunnubraut 3, 540 Blönduós

Ólafur Gunnar Gunnarsson

Holtabraut 12, 540 Blönduós

Rebekka Kristín Danielsdóttir

Melabraut 15, 540 Blönduós

Maria Björk Chorobik

Holtabraut 2, 540 Blönduós

Hvammstangakirkja

Pálmásunnudagur 13. apríl kl. 11
Prestur sr. Magnús Magnússon.

Gabriela Dóra Vignisdóttir

Fífusundi 10, 530 Hvammstangi

Íris Emma Þorsteinsdóttir

Garðavegi 24, 530 Hvammstangi

Jakob Friðriksson Líndal

Lækjamóti, 531 Hvammstangi

Jóhann Eldór Samsonarson

Guðlaugsvík 1, 500 Staður

Jónas Bjartur Samsonarson

Guðlaugsvík 1, 500 Staður

Róbert Sindri Valdimarsson

Melavegi 15, 530 Hvammstangi

Melstaðarkirkja

Skírdagur 17. apríl kl. 11
Prestur sr. Magnús Magnússon

Kara Sigurlína Reynisdóttir

Múla, 531 Hvammstangi

Vigdís Alfa Gunnarsdóttir

Syðri-Reykjum, 531 Hvammstangi

Hvammstangakirkja

Hvítasunnudagur 8. júní kl. 11
Prestur sr. Magnús Magnússon

Guðni Þór Alfreðsson

Bakkatúni 6, 530 Hvammstangi

Silja Gunnarsdóttir

Kirkjuvegi 10, 530 Hvammstangi

Staðarkirkja

Hvítasunnudagur 8. júní kl. 14
Prestur sr. Magnús Magnússon

Júlía Sólín Ásgeirsdóttir

Brautarholti, 500 Staður

Líney Hekla Antonsdóttir

Garðavegi 18, 530 Hvammstangi

Prestbakkakirkja

Sunnudagur 15. júní kl. 11
Prestur sr. Magnús Magnússon

Álfhildur Þórey Heiðarsdóttir

Bæ 1, 500 Staður

Feykir óskar
fermingarbörnunum
til hamingju
með áfangann

FERMINGARDAGURINN MINN | klara@nyprent.is

Arndís Katla Óskarsdóttir

„Ein eftirminnilegasta gjöfin var skartgripaskrín handsmíðað af afa“

Arndís Katla Óskarsdóttir er úr Skagafirði og býr hjá foreldrum sínum á Skógarstígnum í Varmahlíð. Mamma hennar og pabbi eru Hafdís Arnardóttir og Óskar Már Atlason og systkini hennar eru Kristófer Bjarki, Hákon Helgi og Þórdís Hekla. Arndís Katla vinnur á Dvalarheimilinu Dalbær á Dalvík. Kærastinn hennar er þaðan svo hún er duglega að rúnta á milli fjarða.

Hvar og hvenær fermdist þú? Ég fermdist 5. apríl 2021 í Víðimýrarkirkju.

Manst þú eftir fermingunni sjálfri og fermingarfræðslunni? Já, fermingin var í Covid og máttu einungis tuttugu manns vera í sama rými á þeim tíma. En fermingarfræðslan var haldin í Löngumýri.

Hvernig var fermingardressið og hárgreiðslan? Það var hvítur þröngur hnésiður langerma kjóll með blómamynstri. Og hárið var hálft uppi og hálft niðri með svona tveimur fiskifléttum sem voru spenntar upp og krullur.

Hvar var fermingarveislan haldin? Fermingarveislan var haldin heima hjá ömmu og afa.



Arndís Katla í fermingarmyndatöku.



Hvað bauðst þú upp á í fermingarveislunni? Ég bauð upp á grjónagraut og slátur, Bayonneskinku, brúna sósu og meðlæti. Svo í eftirrétti var karamellukleinuhringur, karamellusúkkulaðikaka og ís.

Hver var heitasta gjöfin á þeim tíma? Ég held nú að það hafi verið nýr iPhone.

Hver er eftirminnilegasta gjöfin? Nýr iPhone og skartgripaskrín handsmíðað af afa.

Hvað stóð upp úr á fermingardaginn sjálfan? Að ná að halda veislu með mínum nánustu, þrátt fyrir að hafa viljað bjóða fleirum. En við ákváðum að halda ekki aðra stærri veislu.

Ef þú værir að fermast í dag, hvernig dress yrði fyrir valinu og hver væri óska gjöfin? Ég myndi halda sama dressinu en draumagjöfin væri líklegast utanlandsferð til sólarlanda.



KS Verslunin Eyri

HESTAVÖRUR Í ÚRVALI

Fermingargjöfin fyrir hestafólkið



Feykir spyr...



Ertu með heilræði til fermingarbarna?

[spurt á Facebook]



Verið alltaf hugrökk og sýnið öðrum hlýju.

Karl V. Matthiasson



Muna að það dýrmætasta í lífinu er ókeypis, eins og trú, von og kærleikur.

Gísli Gunnarsson



Heilræði mitt til fermingarbarna væri að treysta á kærleika Guðs, fylgja hjartanu og koma ávallt fram við náungann eins og við viljum að sé komið fram við okkur. Njótið fermingardagsins, dagurinn er ykkar.

Halla Rut Stefánsdóttir

[ÉG FERMIST] siggag@nyprent.is

Bjarni Bragi Bessason frá Skagaströnd

Væri til í að vera með krapvél í veislunni

Bjarni Bragi Bessason verður fermdur af sr. Guðna Þór í Hólaneskirkju þann 8. júní. Bjarni Bragi býr á Skagaströnd og eru foreldrar hans Jóhanna Guðrún Karlsdóttir og Þráinn Bessi Gunnarsson.

Hvernig hefur fermingarundirbúningnum verið háttað? Fara yfir bænir, mæta í fermingarfræðslu og eitthvað þannig. Hvar verður veislan haldin? Hún verður í Skagabúð og svölítið mörgum er boðið. Er búið að ákveða hvað verður á matseðlinum? Nei við erum ekki enn búnin að ákveða það.



Er búið að ákveða fermingarfötin? Já, ég verð í sparifötum.

Hvað er á topp 3 listanum sem þú óskar þér í fermingargjöf? Mig langar í pening, liti fyrir myndlist og eitthvað sniðugt.

Ef þú mættir bjóða einhverjum frægum/þekktum einstaklingi í veisluna þína hver yrði fyrir valinu og af hverju? Held ekki neinum.

Hefur þú farið í margar fermingarveislur sjálfur? Var eitthvað í þeirri veislu sem þér fannst vera skemmtilegt og þig langar til að gera í þinni veislu líka? Já, þær voru reyndar allar svipaðar en ein var með krapvél sem mér fannst mjög sniðugt.

Dagrún Dröfn Gunnarsdóttir á Sauðárkróki

Kjöllinn týndist á leiðinni til landsins svo þau þurftu að senda nýjan af stað


Dagrún Dröfn Gunnarsdóttir býr á Freyjugötunni á Sauðárkróki og verður fermd í Sauðárkrókskirkju þann 19. apríl af sr. Sigríði Gunnarsdóttur. Foreldrar hennar eru Klara Björk Stefánsdóttir og Gunnar Smári Reynaldsson.

Hvernig hefur fermingarundirbúningnum verið háttað? Undirbúningur hefur gengið svakalega vel, við erum búnin að plana allt nema það á eftir að kaupa sokka fyrir mig.

Hvar verður veislan haldin? Hún er í matsal Kjarnans og það er um það bil 120 manns boðið.

Er búið að ákveða hvað verður á matseðlinum? Já, það verður kjúklingasúpa með Doritos, sýrðum rjóma, rifnum osti og snittubrauð. Svo verður einnig grafin gæs, ostar, sultur og vínber og alls konar kökur, kruðerí og nammi.

Er búið að ákveða fermingarfötin? Já, ég



verð í ljósbláum blómakjól sem var reyndar heilar sex vikur á leiðinni, hann týndist á leiðinni til landsins svo þau þurftu að senda nýjan af stað. Sem betur fer vorum við tímanlega í kjólakaupum svo þetta náðist fyrir fermingarmyndatöku.

Hvað er á topp 3 listanum sem þú óskar þér í fermingargjöf? Ég veit ekki neitt en mig langar smá í nýjan síma en ég nenni ekki að biðja um hann.

Ef þú mættir bjóða einhverjum frægum/þekktum einstaklingi í veisluna þína hver yrði fyrir valinu og af hverju? Ég myndi bjóða Steinda Jr. af því ég held að hann sé ógeðslega skemmtilegur.

Hefur þú farið í margar fermingarveislur og var eitthvað í þeim sem þér fannst vera skemmtilegt og þig langar til að gera í þinni veislu líka? Já, ég hef farið í margar fermingarveislur og systir mín var með myndavegg í sinni fermingu í fyrra og ég vill líka hafa þannig.

FEYKIFÍN AFDREYING

Sudoku

9		2			7	3
			9	2	5	
2	8		4	3		
5			3	6	7	
	6	9				
		4		8	6	9
	2		5			3
		1	3			9
9			2			

Vísnaátur Páls Jónssonar

Finna skal út eitt orð sem vantar í enda hvers línu.

Eftir bílslys brotið nú, bitast um það hundar. Verkfæri og kennt við kú, hvergi hlykkjast brautin sú.

Ótrúlegt - en kannski satt...

Menn frá Öryggiseftirliti ríkisins komu inn á ónefnt verkstæði í höfuðborginni. Þeim fannst einn starfsmannanna fara heldur óvarlega með suðutæki. „Heyrðu vinur,“ sögðu þeir við hann. „Þú verður að fara varlega með þetta verkfæri. Það er ekki langt síðan að stórslys hlaut af rangri meðferð suðutækja. Tólf manns slósuðust.“

„Það gæti ekki átt sér stað hér,“ svaraði sá glannalegi snúðugt. „Nú, því segir þú það?“ „Við erum ekki nema átta á verkstæðinu.“

Spakmæli vikunnar

Það er betra að lifa sínu eigin lífi ófullkomlega en að líkja fullkomlega eftir lífi einhvers annars. - Elizabeth Gilbert



Námsbrautir við FNV

Iðnnámsbrautir

- Húsasmíði
- Húsgagnasmíði
- Vélvirkjun
- Rafvirkjun
- Bifvélavirkjun

Bóknámsbrautir til stúdentsprófs

- Félagsvísindabraut
- Fjölgreinabraut
- Hestabraut
- Náttúruvísindabraut

Aðrar brautir:

- Starfsbraut
- Undirbúningsnám í búfræði

Starfsnámsbrautir

- Hestaliðanám
- Kvikmyndabraut
- Nám til iðnmeistararéttinda
- Sjúkraliðabraut
- Vélstjórnarnám A og B

Íþróttakademía

- Fótolti
- Körfubolti

Fjarnám



Það er alltaf líf og fjör í FNV!



Við stækkum fermingargjöfina

Fermingarbörn og jafnaldrar fá allt að
32.000 kr. mótframlag og glaðning
þegar þau spara hjá Landsbankanum.

Við erum betri saman